# FRÉTTABLAÐIÐ

164. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 13. JÚLÍ 2018




Donald og Melania Trump, forsetahjón Bandaríkjanna, komu í opinbera heimsókn til Bretlands í gær og hittu Theresu May forsætisráðherra sem er með þeim hér á myndinni. Forsetanum var misjafnlega tekið og var efnt til mótmæla, meðal annars fyrir utan bandaríska sendiráðið. Trump sagði að Bretar kynnu vel við sig og að mótmæli trufluðu hann ekki neitt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skipulögð brotastarfsemi með fíknilyf

**Karl Steinar Valsson boðar frekari samvinnu lögregluyfirvalda við önnur lönd vegna aukinnar brotastarfsemi með fíknilyf. Lögregluyfirvöld hafa rannsakað tæplega fjörutíu mál sem varða innflutning einstaklinga á fíknilyfjum til landsins frá áramótum.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan hefur frá áramótum tekið til rannsóknar um fjörutíu mál er varða innflutning einstaklinga á fíknilyfjum til landsins. „Við erum með 25 svona mál í rannsókn núna og tæp 40 frá áramótum,“ segir Karl Steinar Valsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir meirihluta mála stofnast þegar tolleftirlit finnur efni í fórum fólks. Hluti málanna sé til rannsóknar hjá öðrum embættum lögreglu, til að mynda á Suðurnesjum.

„Málin eru rannsökuð á svipaðan hátt og mál er varða ólögleg fíkniefni,“ segir Karl Steinar sem segir flókið fyrir lögreglu að takast á við sölu efnanna á svörtum markaði. „Það er mjög flókið og vandasamt fyrir okkur þar sem menn eru að nýta sér ýmis tæknileg atriði sem takmarka möguleika okkar,“ segir Karl Steinar og á helst við sölu lyfjanna á samfélagsmiðlum og í gegnum forrit á netinu.

Karl Steinar segir skipulagða brotastarfsemi með fíknilyf færast í aukana á Íslandi.



Karl Steinar Valsson.

„Þetta er vaxandi þáttur í okkar verkum sem er í takt við þróun í öðrum löndum. Markar þá breytingu sem er á brotastarfsemi þar sem ætlaður ávinningur og lítil refsing eru hvatar,“ segir Karl Steinar sem segir lögreglu vinna með öðrum löndum á öllum sviðum en sú samvinna muni aukast samhliða vaxandi brotastarfsemi með fíknilyf.

Þeim, sem hafa fengið uppáskrifuð lyf frá læknum á Spáni og flutt þau til landsins, er í raun heimilt að flytja til landsins lyf til eigin nota ef þeir framvísa vottorði læknis eða lyfseðli, en þeir þurfa líka að sýna fram á að lyfin séu nauðsynleg í því magni sem flutt er inn. Í flokka ávana- og fíknilyfja er leyfilegt að flytja með sér magn sem svarar mest til 30 daga notkunar.

Reglugerðir í Noregi voru svipaðar og hér á landi. Þær voru hertar árið 2016 vegna stóraukins flutnings á ávanabindandi fíknilyfjum til landsins sem síðan voru seld á svörtum markaði.

Í dag mega ferðamenn með norskt ríkisfang einungis flytja með sér sjö daga skammt af ávana- og fíknilyfjum sem keypt eru erlendis, en 30 daga skammt ef viðkomandi er með vottorð frá norskum lækni. Eftirlitsstofnun EFTA barst kvörtun vegna málsins á síðasta ári en lokaði málinu í gær og ákvarðaði að Noregur ætti að hafa víðar heimildir til að ákvarða úrræði til að takast á við misnotkun fíknilyfja. – **kbg**

## Ísland eitt í kjöri í mannréttindaráð

**UTANRÍKISMÁL** Ísland nær að öllu óbreyttu kjöri í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna til átján mánaða í dag eftir að samstaða náðist í ríkjahópi Vesturlanda um að Ísland gæfi kost á sér. Um er að ræða æðstu stöðu sem Ísland hefur fengið á alþjóðavettvangi, að sögn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra.

Guðlaugur segir að staðan kalli á málamiðlanir en að gildi Íslands muni ekki breytast. „Þegar kemur að mannréttindamálum höfum við sérstaklega lagt áherslu á jafnréttismál og málefni hinsegin fólks, þetta er nokkuð sem við munum halda áfram,“ segir Guðlaugur.



– **þea** / sjá síðu 8

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson fjallar um heimaland frjálsra og hugaðra. 11

**SPORT** Ein bestu Evrópuúrslit íslensks liðs er Valur vann Noregsmeistarana Rosenborg. 14

**MENNING** Bræðslunni á Djúpavogi hefur enn verið breytt í sýningarsal fyrir alþjóðlega samtímalist. 20



**LÍFIÐ** G! Festival í Færeyjum í blússandi gangi. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015











## Veður




Suðaustan 5-13 og rigning á köflum í dag en þurrt norðaustan til. Víða talsverð rigning um kvöldið, einkum um landið sunnanvert. SJÁ SÍÐU 18

# Minntust Jónasar



Margor sóttu minningarathöfn um Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóra og frumkvöðul í íslenskri blaðamennsku, í Gamla bíói. Á meðal gesta voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti, Ómar Ragnarsson og Ellert Schram, en þeir Jónas unnu lengi saman í blaðamennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Eignir Björns Inga kyrrsettar

**SKATTAMÁL** Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur kyrrsett eignir Björns Inga Hrafnssonar fjölmiðlamanns, að kröfu tollstjóra. Björn Ingi sætir rannsókn af hálfu skattrannsóknarstjóra vegna meintra skattaundanskota en verðmæti kyrrsettra eigna hans hljóða upp á 115 milljónir króna.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Björns Inga, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að kyrrsetningin hafi farið fram og bætir við að hann muni reyna að hnekkja kyrrsetningunni fyrir dómi. Telur hann kröfu um frystar eignir ekki halda vatni og hyggst leggja fram gögn þess efnis.

Rannsókn skattrannsóknarstjóra hófst fyrr á þessu ári en hún snýr fyrst og fremst að peningafærslum til og frá Birni á þeim tíma sem hann átti og rak DV. Sveinn Andri segist ekki geta tjáð sig nánar um rannsóknina.

Björn Ingi hefur verið talsvert í fréttum undanfarin misseri vegna rekstrarerfiðleika í tengslum við DV og Pressuna og svo Argentínu steikhús en veitingastaðnum var lokað í apríl síðastliðnum. Árangurslaust fjárnám var gert í Argentínu steikhúsi og greindi Fréttablaðið frá því að hluti starfsfólks hefði ekki fengið greidd laun. Eftir því sem blaðið kemst næst tengist skattrannsóknin ekki Argentínu steikhúsi. **– sks**



Björn Ingi Hrafnsson.

## Hvítu tjöldin kosta sitt

**VESTMANNAEYJAR** Nokkur óánægja er meðal þeirra sem sóttu um pláss fyrir hvítt tjald í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum fyrir Þjóðhátíð. Nú þarf að sækja um pláss og bíða eftir úthlutun.

Það er hins vegar ekki þetta nýja fyrirkomulag sem deilt er um heldur það að greiða þarf 15 þúsund króna tryggingu fyrir hvern fermetra.

Fréttablaðið hefur rætt við nokkra Eyjamenn sem eru óánægðir með þetta. Þar á meðal er einn sem þarf að greiða 70 þúsund krónur í tryggingu fyrir tjald sitt. Viðmælendur Fréttablaðsins gagnrýna Þjóðhátíðarnefnd fyrir lélega upplýsingagjöf.

Jónas Guðbjörn Jónsson, varaformaður Þjóðhátíðarnefndar, ítrekar að allir þeir sem lagt hafa fram tryggingu muni fá hana til baka ef þeir nýta plássið. „Við erum að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag,“ segir Jónas. „Og þá er viðbúið að einhverjir hnökrar komi upp. Við lærum af þessu.“ **– khn**




# Vilja koma norskum kollegum til aðstoðar

Uppskerubrestur hefur orðið á Norðurlöndunum vegna úrkomuleysis. Bændur í Noregi sjá fram á að þurfa að skera niður bústofninn ef ekki tekur brátt að rigna. Möguleg heymiðlun í skoðun, segir formaður Bændasamtaka Íslands.

**LANDBÚNAÐUR** Til skoðunar er hvort íslenskir bændur geti komið skandinavískum starfsbræðrum sínum til aðstoðar vegna uppskerubrests. Nær engin úrkoma hefur verið á hinum Norðurlöndunum það sem af er sumri.

„Ég er nýbúinn að setja mig í samband við formenn allra systursamtaka Bændasamtaka Íslands (BÍ) og kanna hvort áhugi sé fyrir því að við hlaupum undir bagga,“ segir Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ.

Fréttablaðið greindi frá því fyrr í mánuðinum að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefði hafið forkönnun á því hvort bændur vilji selja umframhey til Noregs. Fjölmargir bændur sýndu því áhuga.

Danmörk, Finnland og Svíþjóð eiga öll aðild að ESB og þar á bæjum er viðbúnaðarpakki í undirbúningi. Noregur, sem er EFTA-ríki líkt og Ísland, nýtur þess ekki. Sindri segir að hann hafi verið í sambandi við Norðmenn um mögulega heyöflun handa þeim hér heima. Það muni allt skýrast betur eftir helgi. Fordæmi eru fyrir því að Norðurlöndin aðstoði hvert annað á slíkum tímum en Norðmenn seldu hingað hey í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli.

„Staðan er grafalvarleg og hljóðið í kollegum mínum er mjög vont. Uppskerubresturinn er gríðarlegur. Það sem við getum gert er að kanna hvort við getum notað gott sumar og mikla sprettu til að aðstoða þá.“

Dr. Christian Smedshaug, framkvæmdastjóri hjá norska greiningarfyrirtækinu Agri Analyse, segir að staðan í landinu sé misjöfn. Sumir bændur búi við þann munað að eiga veitukerfi. Annars staðar sé staðan hins vegar svört. „Framan af sumri voru menn bjartsýnir og bjuggust við því að rigningin myndi koma. Nú er hins vegar útlit fyrir að júlí verði þurr, líkt og júní, og fyrsta rigningin komi ekki fyrr en í ágúst,“ segir Smedshaug.



Sumarið hefur reynst norskum bændum mjög erfitt. NORDICPHOTOS/GETTY

Hann segir að í skásta falli muni byrja að rigna í ágúst og bændur geti bjargað því sem bjargað verður. Á að giska myndi það þýða að menn hefðu um tvo þriðju af þeim forða sem þeir vanalega hafa.

Bændur sjálfir eru svartsýnir og eru sumir búnir undir það versta. Þeir sem ekki hafa fjárhagslega burði til að brúa bilið sjá fram á að þurfa að skera niður allt að helming bústofnsins. Offramboð gæti orðið á kjöti og mjólkurframleiðsla gæti minnkað.

> **Þegar menn eru að hjálpa til held ég að það verði ekki gert með gróðavon í huga.**
>
> Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna

„Á hluta landsins hefur heyöflun gengið illa vegna vætu en á Norður- og Austurlandi er gríðarlega mikill heyskapur,“ segir Sindri. „Þegar menn eru að hjálpa til held ég að það verði ekki gert með gróðavon í huga heldur verði litið á þetta sem stuðning við bændur í erfiðleikum.“

joli@frettabladid.is




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum Auris, hvort heldur með bensínvél eða í Hybrid útfærslu sem hleður sig sjálf í akstri. Lífgaðu upp á daginn með fararskjóta sem skartar ríkulegum staðalbúnaði og tekur sig jafn vel út að innan og utan. Láttu hjartað ráða för í sumar.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum.**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Segir skilyrðin ekki teljandi hindrun fyrir ferðaskrifstofur

**FERÐAÞJÓNUSTA** Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, segir að ráðuneytið hafi verið að endurskoða reiknireglur sem varða tryggingar sem ferðaskrifstofum er skylt að útvega. Að öðru leyti feli skilyrði fyrir ferðaskrifstofuleyfum ekki í sér teljandi hindranir.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær nemur heildarfjárhæð trygginganna samtals 4,3 milljörðum króna og munu nýsamþykkt lög leiða til þess að tugir eða hundruð ferðaþjónustufyrirtækja bætast í hóp þeirra sem greiða þurfa tryggingjuna.

Viðmælendur Fréttablaðsins voru sammála um að reglurnar væru íþyngjandi í núverandi mynd og sagði eigandi meðalstórrar ferðaskrifstofu að hann hefði þurft að veðsetja fasteign sína til að geta útvegað bankaábyrgð fyrir tryggingunni.

Útfærsla og fjárhæð trygginga er í höndum ráðherra sem setur reglur þess efnis á grundvelli laganna og í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Þórdís Kolbrún að helsti tilgangurinn með lagasetningunni sé að auka neytendavernd.



**Ráðherra telur skilyrðin ekki vera mikla hindrun.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Í því felst vissulega að frá og með næstu áramótum munu fleiri seljendur en áður þurfa leyfi og tryggingar," segir hún.

Þórdís Kolbrún segir að aðalatriðið sé að kröfurnar séu ekki óhóflegar og að ráðuneytið hafi verið að endurskoða reiknireglur til að tryggja að svo verði ekki. „Að öðru leyti má segja að skilyrði fyrir leyfum séu frekar einföld og feli ekki í sér teljandi hindranir."

Þá segir Þórdís að sjálfsagt sé að hafa hliðsjón af reynslu og útfærslu annarra landa. **– tfh**



**Samskipti á Facebook falla undir erfðarétt.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Erfðaréttur gildir um Facebook

**ÞÝSKALAND** Móðir í Þýskalandi fær aðgang að Facebook-síðu dóttur sinnar sem er látin. Samkvæmt úrskurði hæstaréttar Þýskalands gildir erfðaréttur um rafrænar upplýsingar.

Eftir lát dótturinnar, sem var 15 ára, vildi móðirin fá aðgang að Facebook-síðu hennar en síðunni hafði þá verið breytt í svokallaða minningarsíðu sem ekki var hægt að logga sig inn á. Facebook neitaði móðurinni um aðgang að síðunni.

Samkvæmt úrskurði hæstaréttar Þýskalands gildir það sama um rafrænar upplýsingar og um bréf og dagbækur. **– ibs**

## Vopnahléi lýst yfir í Oromiya

**EÞÍÓPÍA** Oromohreyfingin lýsti í gær yfir einhliða vopnahléi í Afríkuríkinu Eþíópíu eftir að þing landsins tók hreyfinguna af lista yfir ólögleg hryðjuverkasamtök. Hreyfingin hefur barist fyrir aukinni sjálfsstjórn Oromiya, stærsta ríkis Eþíópíu, frá árinu 1993 en var sett á fyrrnefndan lista fyrir tíu árum.

„Þessi tímabundna vopnahlésyfirlýsing mun leiða að varanlegum friðarsamningi við yfirvöld og endalokum þessarra átaka," sagði í yfirlýsingu sem hreyfingin sendi frá sér í gær. **– þea**

# Almennur vinnumarkaður eigi að móta kjarastefnu í landinu

**Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins fagnar því að úrskurðir kjararáðs verði ekki fleiri. Hann bendir á að rými til launahækkana skapist í atvinnulífinu en ekki hjá hinu opinbera. Forseti ASÍ segir úrskurði kjararáðs í gegnum tíðina hafa sett kjaramál í uppnám og þann síðasta vera hreina og klára ögrun.**

**KJARAMÁL** „Það er algjörlega ótækt að laun opinberra starfsmanna séu að hækka umfram almennan markað. Ég fagna því sérstaklega að þetta sé síðasti úrskurður kjararáðs," segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Kjararáð var lagt niður frá og með síðustu mánaðamótum með lagasetningu frá Alþingi. Síðasta verk ráðsins var hækkun á launum 48 forstöðumanna hjá hinu opinbera.

Starfshópur um málefni kjararáðs lagði í vetur til breytt fyrirkomulag á launaákvörðunum kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna ríkisins. Í rökstuðningi tillagnanna voru þeir kostir meðal annars tilgreindir að breytingar á launum æðstu embættismanna yrðu ekki leiðandi, launaþróun yrði jafnari og að launaákvarðanir yrðu gagnsærri, fyrirsjáanlegri og skýrari.

Halldór segir tillögurnar hafa miðað að því að ekki þurfi að þræta reglulega um þessi mál og setja kjaramálin í uppnám. „Almennur vinnumarkaður á að vera sá sem mótar kjarastefnuna í landinu. Rými til launahækkana skapast í atvinnulífinu en ekki í rekstri hins opinbera og þess vegna mega opinberir starfsmenn aldrei vera launaleiðandi í landinu."

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir ljóst að þessi svanasöngur kjararáðs sé alveg jafn vitlaus og taktlaus og aðrar ákvarðanir ráðsins. Hann vísar meðal annars til þess að forstjóri Landspítala fái mikla hækkun í miðri deilu við ljósmæður.

„Úrskurðir kjararáðs hafa í gegnum tíðina sett kjaramál í algjört uppnám. Nú rýkur kjararáð til, þrátt fyrir vilja þingsins, og úrskurðar um þessar hækkanir tveimur vikum fyrir gildistíma laganna. Þetta er hrein og klár ögrun."

Gylfi veltir fyrir sér því fyrirkomulagi sem komi í stað kjararáðs. „Stjórnir einstaka stofnana og fyrirtækja hafa fengið heimild til að ákvarða laun æðstu stjórnenda. Þá var talað um að fara yrði varlega og gæta hófsemi. Stjórnir til dæmis Landsvirkjunar og Landsbankans töldu sig beita mikilli hófsemi með milljón króna hækkun. Þannig er búið að skilgreina hófsemi."

Gylfi segir að þessar stjórnir hafi getað hunsað fyrirmæli ráðherra sem geri ekkert í málinu. „Það hefur engum verið skipt út úr þessum stjórnum. Það ber enginn ábyrgð."

**sighvatur@frettabladid.is**



**Kjararáð heyrir nú sögunni til en síðasta ákvörðun ráðsins var afar umdeild. Laun 48 forstöðumanna hjá hinu opinbera voru hækkuð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Hvað tekur við af kjararáði við ákvörðun launa æðstu embættismanna?

Drög að frumvarpi um breytt fyrirkomulag á launaákvörðunum þeirra aðila sem áður heyrðu undir kjararáð er nú til kynningar í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar. Tillögurnar ganga út á að laun umræddra embættismanna verði annaðhvort ákvörðuð með lögum eða falli undir sérstaka deild fjármálaráðuneytisins.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir góðan stuðning hafa verið fyrir því að breyta þessu kerfi sem hann hafi lengi sagt gallað. „Ég er bjartsýnn á að nýtt fyrirkomulag taki á helstu vanköntum á því fyrirkomulagi sem við höfum þekkt."

Bjarni segir það hafa að jafnaði verið hugsað til skamms tíma þegar þingið hafi gripið inn í launaþróun þeirra sem heyrðu undir kjararáð. Það hafi skapað misvægi sem bregðast þyrfti við síðar.

„Það er ljóst að það verður ekki bæði sleppt og haldið. Það verður að vera lögbundið, gagnsætt og sanngjarnt fyrirkomulag á launaákvörðunum þeirra sem fá ekki að semja um sín launakjör."


SUMARTILBOÐ Á
CHEROKEE
LONGITUDE
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
TILBOÐ AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI
860.000 KR. FYLGIR FRÍTT MEÐ
VERÐ 6.690.000 KR.
AUKAHLUTAPAKKI: MÁLMLITUR, 18" ÁLFELGUR, 30" DEKK, 8" SKJÁR, LEIÐSÖGUKERFI OG PREMIUM HLJÓÐKERFI, LYKILLAUST AÐGENGI, FJARSTART OG RAFMAGNS AFTURHLERI.
TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.
Jeep
THERE'S ONLY ONE

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.JEEP.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST



# ILVA

SKOÐAÐU HEIMASÍÐUNA OKKAR
**WWW.ILVA.IS**

50%

50% **MADISON BORÐ**
VERÐ ÁÐUR 199.900
NÚ **99.900** KR.
SPARAÐU 100.000 KR.

**COLLINS STÓLL**
VERÐ ÁÐUR 9.900
NÚ **4.950**
SPARAÐU 4.950 KR

# ÚTSALA

# 35-50%

## AF ÖLLUM SUMARVÖRUM

**PANAMA STÓLL**
NÚ **8.900**
SPARAÐU 5.000 KR



**Copenhagen stóll.** Stóll vír- eða viðarfætur. Hvítur, grár, svartur eða blár. 19.900 kr. Nú 11.900 kr.



**Panama stóll.** Hvítur, blár eða svartur. 13.900 kr. Nú 8.900 kr.



**SUMMER blómapottur** grár, svartur eða hvítur. 3 stærðir. Stór 5.995 kr. Nú 2.995 kr Miðstærð 3.995 kr. Nú 1.995 kr. Lítill 2.995 kr. Nú 1.495 kr



**SUMMER sessa** 40x40x6 nokkrir litir. 1.195 kr. Nú 597 kr.

50%



**BARBERA sófaborð** dökk-og ljósgrátt Ø90 54.900 kr. Nú 27.450 kr.



**VENTURA** bekkur svartur L:192 cm. 22.900 kr. Nú 9.900 kr.




50%

**SUMMER bali** með texta. Ýmsir litir. 1.795 kr. Nú 895 kr.



**SUMMER eldstæði.** Ø75 cm. 16.900 kr. Nú 9.900 kr.



**HAVANA stillanlegur stóll svartur.** 24.900 kr. Nú 16.900 kr.



50%

**DAYTON sófi** svartur, grænn. 54.900 kr. Nú 27.450 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Segja tekjurnar af auglýsingum stjórna dagskrárstefnu RÚV

**Forsvarsmenn stærstu einkareknu ljósvakamiðlanna segja framgöngu RÚV á markaði hafa mikil áhrif á afkomu og rekstrargrundvöll einkarekinna fjölmiðla á Íslandi. Ramminn utan um stofnunina þurfi að vera mun skýrari og setja frekari skorður við samkeppnisstarfsemi. RÚV þoli vel að ramminn verði þrengdur.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það er alveg ljóst, ef þessi auglýsingasala hjá RÚV er innan marka, þá þarf hið háa Alþingi að skilyrða rammann í kringum RÚV enn frekar en nú er gert,“ segir Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri hjá Sýn hf., um það frummat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu vísbendingar um að RÚV hafi brotið gegn samkeppnislögum vegna umdeildrar auglýsingasölu RÚV í tengslum við HM í knattspyrnu.

„Staða RÚV á auglýsingamarkaði hefur áhrif á allt sem RÚV gerir og það má færa rök fyrir því að á meðan RÚV er drifið áfram af auglýsingatekjum sé stofnunin ekki að leggja höfuðáherslu á grunnskyldur stofnunarinnar,“ segir Björn og bætir við: „Auglýsingar á RÚV verða alltaf góð söluvara enda margir sem horfa á eina opna miðilinn sem nær fullkomlega til allra landsmanna gegnum öll dreifikerfi. Þeir ættu þess vegna vel að geta sætt sig við þrengri ramma og strangari skilyrði en aðrir á markaði. “

Magnús Ragnarsson, forstjóri Símans, tekur undir þetta. „Hjá BBC segja þeir: Við leyfum ekki auglýsingar af því að það mun hafa áhrif á dagskrár- og ritstjórnarstefnu miðilsins. Þetta hefur komið ótrúlega vel fram núna í tengslum við HM,“ segir Magnús og bætir við:

„RÚV 2 var sett á til að þar gætu verið íþróttaviðburðir og annað óreglulegt efni en hefðbundin dagskrá yrði ótrufluð á aðalrás RÚV. En svo er allt sett beint inn á aðalrásina af því þar fæst meira áhorf og meiri tekjur.“ Magnús vísar til þess hve hefðbundin dagskrá RÚV hefur riðlast vegna HM þrátt fyrir aukarásina.

„Hvernig hefur RÚV til dæmis staðið sig í að sýna fréttir á réttum tíma og hvað varð um barnaefnið? Barnaefninu hefur bara verið hent á meðan HM er af því auglýsingadeildin vill hafa alla leiki á aðalstöðinni. Það er auglýsingadeildin á RÚV sem stýrir í raun dagskrárstefnu stofnunarinnar.“

Magnús segir einkareknu ljósvakamiðlana ekki hafa gert skilyrðislausa kröfu um að RÚV verði tekið af auglýsingamarkaði í einu skrefi heldur verði gerð einhver áætlun þar að lútandi og látið verði af þessari aðgangshörðu sölu sem stunduð sé hjá RÚV.

„RÚV er með mjög öfluga vöru. Það þarf ekkert að deila um það.


Auglýsingasala RÚV í tengslum við heimsmeistaramótið í knattspyrnu hefur verið umdeild. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Á meðan RÚV er drifið áfram af auglýsingatekjum er stofnunin ekki að leggja höfuðáherslu á grunnskyldur sínar.**
>
> Björn Víglundsson, hjá Sýn hf.

En er eðlilegt að þar sé líka rekin stærsta söludeild landsins sem hamast í hverju einasta bakaríi landsins ef Útsvarsliðinu gengur vel? Svo er líka skrítið að starfsmenn þessarar ríkisstofnunar séu drifnir áfram af bónusum. Þeir eru ekki bara á föstum launum heldur fá þeir bónusgreiðslur fyrir að ná áætlunum í sölunni.“

Aðspurðir segja Magnús og Björn samkeppnina við RÚV ekki eingöngu lúta að auglýsingamarkaði heldur hafi RÚV einnig keppt við einkastöðvarnar um afþreyingarefni.

„Nýjasta tilvikið sem við lentum í var Evrópumót kvenna í knattspyrnu 2017. Þar yfirbauð ríkið okkur og var með þannig tilboð að við höfðum ekki viðskiptalegar forsendur til að bjóða hærra en ríkið bauð með sínu skattfé,“ segir Magnús. Hann segir alla helstu einkaaðila á markaði hafa búið við það að vera yfirboðir af ríkinu og þessi fyrirferð RÚV á markaði hafi mest áhrif á stöðu einkarekinna miðlanna.

Samkeppniseftirlitið hefur gefið aðilum á auglýsingamarkaði frest til 20. júlí til að senda inn athugasemdir áður en endanleg ákvörðun verður tekin um hvort eftirlitið hefji formlega rannsókn á háttsemi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði vegna HM í knattspyrnu.

adalheidur@frettabladid.is


Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri hjá Símanum hf.

Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri hjá Sýn hf.


Danir vilja herða refsingar vegna sölu á sígarettum til barna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tvöfalda sekt vegna sölu á sígarettum

**DANMÖRK** Dönsk stjórnvöld vilja tvöfalda upphæð þeirrar sektar sem verslunareigendum er gert að greiða þegar þeir hafa gerst sekir um að selja unglingum yngri en 18 ára sígarettur.

Framvegis á sektin að hljóða upp á 10 þúsund danskar krónur, eða tæpar 170 þúsund íslenskar krónur, í fyrsta sinn þegar menn verða uppvísir að því að selja unglingum sígarettur. Brjóti menn lögin aftur á sektin að vera 20 þúsund danskar krónur en 40 þúsund danskar krónur í þriðja sinn, að því er segir í frétt danska ríkisútvarpsins. – ibs

## Borgin braut jafnréttislög

**STJÓRNSÝSLA** Reykjavíkurborg braut gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þegar Ebba Schram var ráðin borgarlögmaður í fyrra. Þetta er niðurstaða kærunefndar jafnréttismála.

Tveir umsækjendur voru um stöðuna. Annars vegar Ebba og hins vegar Ástráður Haraldsson, nú héraðsdómari, en hann kærði ráðninguna. Benti hann á að hann hefði lengri reynslu af lögmannsstörfum og hefði flutt mun fleiri mál bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá hefði hann einnig sinnt kennslu samhliða störfum sínum og ritað greinar um lagaleg álitaefni.

Þá taldi Ástráður ljóst að ákveðið hefði verið fyrir fram að Ebba hlyti starfið. Hann hefði af símtölum við fyrrverandi borgarlögmann og borgarstjóra fengið að vita að þau gerðu ráð fyrir því að Ebba myndi sækja um og nyti til þess hvatningar beggja.

Kærunefndin komst að þeirri niðurstöðu að þegar litið væri til reynslu Ástráðs af lögmannsstörfum væri hann hæfari.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir niðurstöðuna koma á óvart. „Við munum að sjálfsögðu fara yfir þennan úrskurð og meta hvort við þurfum að breyta einhverju hjá okkur varðandi ráðningarferla,“ segir Dagur en hann sat í ráðningarnefndinni. – jóe

## Trump leggi niður vopnin

**KÍNA** Wang Shouwen, undirráðherra viðskipta í Kína, hvatti Bandaríkjastjórn í gær til að „leggja niður vopnin“, það er að segja að afnema nýja tolla á kínverskar vörur svo hægt sé að ganga til viðræðna um viðskipti landanna. Shouwen bætti því við að „yfirgangsseggirnir“ í Bandaríkjunum hefðu hleypt af fyrsta skotinu í tollastríðinu.

Tollar hafa verið lagðir á tugi þúsunda vara eftir að Trump Bandaríkjaforseti hóf leikinn á dögunum. Wang sagði að tollastríðið ynni gegn hagsmunum bæði Bandaríkjanna og Kína, sem og heimsins alls.

Sagðist hann hafa átt von á því að viðræður undanfarið myndu verða til þess að koma í veg fyrir tollastríðið. „Viðræðurnar gengu vel, svo vel raunar að Bandaríkjamenn sögðust ætla að fresta tollastríðinu. En allt í einu tilkynntu þeir um nýja tolla,“ sagði Wang. – þea

# Aukning um 4.500 tonn hjá Arnarlaxi í umhverfismat

**UMHVERFISMÁL** Fyrirhuguð framleiðsluaukning um 4.500 tonn hjá Arnarlaxi í Arnarfirði fer í umhverfismat samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Tilkynning um fyrirhugaða framleiðsluaukningu barst stofnuninni í desember síðastliðnum en með aukningunni færi framleiðslan upp í 14.500 tonn.

Ekki er um fjölgun eldissvæða að ræða heldur felst aukningin í fjölgun kvía á núverandi svæðum um fjórar kvíar. Nota á kynbættan eldislax af norskum uppruna og áætlað er að við framleiðsluaukninguna muni fóðurnotkun aukast um 6.000 tonn sem verði eftir aukninguna um 17.000 tonn á ári.

Óskað var eftir umsögnum um fyrirhugaða framleiðsluaukningu frá sveitarfélögum á svæðinu og stofnunum sem málið varðar.


Stofnunin telur aukninguna geta haft veruleg áhrif á lífríki Arnarfjarðar.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar kemur fram að óvissa sé um áhrif aukningarinnar en hún kunni að hafa í för með sér veruleg neikvæð á umhverfi og lífríki Arnarfjarðar.

Gera verði ráð fyrir að eldislax sleppi úr kvíum og leiti í laxár í nágrenni eldissvæða og með tilliti til reynslunnar frá Noregi megi gera ráð fyrir að fjöldi strokulaxa verði ekki undir 300 við eldi hverrar kynslóðar.

Einnig sé óvissa um áhrif aukningarinnar og samlegðaráhrif með öðru eldi á villtan lax með tilliti til erfðablöndunar. Einnig sé líklegt að aukið eldi muni valda auknu álagi á villta laxfiska í Arnarfirði.

Þá telur Skipulagsstofnun fyrirséð að lyfjum verði beitt til að halda laxalús niðri og möguleg framleiðsluaukning geti því haft áhrif á rækjustofna í Arnarfirði. – aá



ALLAR SPRINGDÝNUR*
30%
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 13.07 - 17.07
ALLIR KODDAR*
20-30%
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 13.07 - 15.07
ALLAR FERÐATÖSKUR*
20-70%
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 13.07 - 15.07
ÖLL HANDKLÆÐI*
20%
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 13.07 - 15.07
ALLIR SKRIFBORÐSSTÓLAR*
20%
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 13.07 - 15.07
GARÐHÚSGÖGN OG SESSUR
20-60%
SUMAR-
ÚTSALA
OG ÖNNUR GÓÐ TILBOÐ
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

# Ísland kjörið í mannréttindaráðið í dag

**Utanríkisráðherra segir stöðuna þá æðstu sem Ísland hefur fengið á alþjóðavettvangi. Staðan muni kalla á málamiðlanir en gildin breytist ekki. Deildarstjóri mannréttindamála segir aðstæðurnar sem leiddu að kjörinu sérstakar. Ráðið er hins vegar ekki óumdeilt.**



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Ísland nær að öllu óbreyttu kjöri í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna til átján mánaða í dag eftir að samstaða náðist í ríkjahópi Vesturlanda um að Ísland gæfi kost á sér. Mun Ísland því taka sætið sem losnaði þegar Bandaríkjamenn sögðu sig úr ráðinu í júní.

Um er að ræða æðstu stöðu sem Ísland hefur fengið á alþjóðavettvangi, að því er Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra heldur fram.

**Gildin breytast ekki**

Ráðherrann segir að Ísland muni ekki breyta áherslum sínum í ráðinu, þótt það muni kalla á málamiðlanir að vera komin með sæti í ráðinu. „En þau gildi sem við stöndum fyrir eru vel þekkt og munu ekki breytast.“

Guðlaugur nefnir gagnrýni Íslendinga á þau ríki sem eiga sæti í mannréttindaráðinu en eru sjálf „kannski ekki til fyrirmyndar“ og vísar til dæmis til Sádi-Arabíu, Venesúela og Egyptalands. Að sögn Guðlaugs munu Íslendingar halda áfram að gagnrýna þau ríki.

Jafnframt segir Guðlaugur að Ísland muni leggja áherslu á að breyta þurfi starfsháttum í ráðinu, eins og til að mynda Bandaríkin og Norðurlöndin hafa talað um að sé nauðsyn. „Það hefur verið sérstaklega vísað til þess að ríkin sem sitja í ráðinu þurfi að sýna gott fordæmi. Það hefur mikið vantað upp á það.“

„Þegar kemur að mannréttindamálum höfum við sérstaklega lagt áherslu á jafnréttismál og málefni hinsegin fólks, þetta er nokkuð sem við munum halda áfram. Það að það skyldi nást þessi samstaða um okkur er auðvitað mikil viðurkenning fyrir hvað við höfum verið að gera,“ segir Guðlaugur.

Aukinheldur tekur Guðlaugur fram að þótt full ástæða sé til þess að horfa gagnrýnum augum á Ísrael eins og önnur ríki, líkt og Ísland hafi gert, sé sérstakt að ríkið sé dagskrárliður á hverjum einasta fundi. „Þegar menn ganga fram með þeim hætti dregur það úr vægi þeirrar gagnrýni sem er réttmætt. Þetta er eitt af því sem hefur verið til umræðu og mannréttindaráðið hefur verið gagnrýnt fyrir.“

**Aðdragandinn stuttur**

Ráðherra segir að aðdragandinn að því að samstaða náðist um Ísland hafi verið stuttur, „í raun bara nokkrir dagar“. Sæti hafi losnað og Íslendingum hafi borist skilaboð þar sem ríkið var hvatt til að gefa kost á sér. Síðan hafi verið kannað hvort samstaða næðist um Ísland og gekk það eftir. Ríki hafi komið að máli við Ísland vegna framgöngu Íslendinga í mannréttindamálum, að sögn Guðlaugs.

„Ég er fyrsti íslenski ráðherrann sem ávarpar mannréttindaráðið og er búinn að gera það núna í tvígang frá því ég varð ráðherra,“ segir hann.

Ráðherra segir að Ísland hafi látið að sér kveða í mannréttindamálum, til að mynda stýrt mannréttindanefnd allsherjarþings SÞ í fyrra. „Framganga okkar þar sem við vorum í forystu þegar við vorum að gagnrýna mannréttindabrot á Filippseyjum vakti líka athygli,“ segir hann og bætir því við að alþjóðlegu samtökin Mannréttindavaktin hafi sagt framgöngu Íslendinga áhrifamikla.

**Sérstakar aðstæður**

„Þetta eru sérstakar aðstæður og það þarf að nást samstaða um aðila sem getur brugðist skjótt við og það gerðist í þessu tilfelli. En ef við hefðum ætlað að fara í hefðbundið framboð væri það ferli sem væri lengra og við þyrftum að hafa miklu meira fyrir þeim hlutum,“ segir Guðlaugur.

Davíð Logi Sigurðsson, deildarstjóri mannréttinda hjá utanríkisráðuneytinu, segir einnig að aðstæðurnar sem leiddu til kjörsins hafi verið sérstakar. „Þetta eru aukakosningar. Það er kosið reglulega í mannréttindaráðið. Það sem gerist er að menn eru búnir að markera sig fram í tímann. Danir eru til að mynda að fara í framboð í september til þriggja ára. Þeir eru búnir að tilkynna það fyrir löngu og breyta því ekki svo glatt,“ segir Davíð.

Hann bætir því við að flest ríki í Vesturlandahópnum séu nú þegar í einu framboði eða öðru. „Ef ekki þarna þá til öryggisráðsins. Það er því ekki sjálfgefið að allir geti stokkið til þegar þessar skrítnu aðstæður koma upp,“ segir Davíð.

Guðlaugur segir að ferlið hefði orðið mun lengra ef Ísland ætlaði sér í hefðbundið framboð. Meira þyrfti að hafa fyrir slíku. Talar ráðherrann jafnframt um að atkvæðagreiðslan nú sé ekki sambærileg því þegar Ísland bauð sig fram í öryggisráðið fyrir áratug. „Á þeim tíma voru settar 400 milljónir í framboðið. Enginn kostnaður fellur til vegna framboðsins nú.“

**Brotthvarf Bandaríkjanna**

Líkt og áður kom fram sögðu Bandaríkin sig úr ráðinu í júní. Í tilkynningu þess efnis sagði Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjamanna hjá Sameinuðu þjóðunum, að ástæðan væri meinfýsni í garð Ísraelsríkis og að ráðið drægi mannréttindabrotamenn ekki til ábyrgðar.

„Of lengi hefur mannréttindaráðið slegið varnarskildi yfir mannréttindabrotamenn og verið forarpyttur pólitískrar meinfýsni,“ sagði Haley þegar hún tilkynnti um ákvörðunina.

Og þótt Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hafi tekið ákvörðuninni fagnandi og þakkað Donald Trump forseta og fyrrnefndri Haley fyrir voru aðrir ekki jafn kátir.

Stéphane Dujarric, talsmaður António Guterres, framkvæmdastjóra SÞ, sagði að framkvæmdastjórinn hefði viljað sjá Bandaríkin halda sæti sínu.

„Mannréttindainnviðir Sameinuðu þjóðanna eru afar mikilvægir þegar kemur að því að vernda mannréttindi um gjörvallan heiminn,“ sagði Dujarric í júní.

**Útgangan vonbrigði**

Guðlaugur Þór segir útgöngu Bandaríkjanna vonbrigði. „Það var margt til í gagnrýni þeirra og við höfum sjálf tekið ýmislegt upp sem þeir hafa talað fyrir sem og þær þjóðir sem við erum í hvað nánustu samstarfi við.“

Þá segir ráðherrann að íslenska utanríkisþjónustan muni hvetja Bandaríkjamenn til að koma aftur að borðinu.

„En nú er þessi staða komin upp og við henni þarf að bregðast. Þegar við erum hvött til þess að stíga þarna inn, og samstaða náðist um okkur í kjölfarið, þá skorumst við ekki undan ábyrgð.“



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra er hann ávarpaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

## Ráðið ekki óumdeilt

Þótt mannréttindaráðið berjist fyrir göfugu markmiði hefur það oftsinnis verið harðlega gagnrýnt. Til dæmis fyrir efnistök og starfshætti.

Einna helst þykir skjóta skökku við að margir meðlimir ráðsins séu sjálfir ítrekað sakaðir um gróf mannréttindabrot. Nægir þar að líta til Egyptalands, Katar, Sádi-Arabíu og Kína svo fátt eitt sé nefnt.

Ísraelar hafa gagnrýnt ráðið harðlega í gegnum tíðina og hefur sú gagnrýni verið gagnkvæm. Ráðið hefur til að mynda ekki fordæmt gjörðir neins ríkis jafn oft og Ísraels. Bandaríkjamenn og Ísraelar hafa kvatt sér hljóðs ítrekað vegna meintrar ósanngirni í garð Ísraels.

Í mars síðastliðnum, eftir að fimm nýjar ályktanir voru samþykktar um Ísrael, sagði Emmanuel Nachshon, upplýsingafulltrúi utanríkisráðherra Ísraels, að „blóðþyrst einræðisríki“ misnotuðu stöðu sína í ráðinu.



Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ. NORDICPHOTOS/AFP

Þá var Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ, harðorð þegar hún tilkynnti um úrsögn ríkis síns.

The Independent birti sterka gagnrýni á starfshætti og meint getuleysi ráðsins á síðasta ári. „Við stofnun ráðsins árið 2006 voru margir vongóðir um að mannréttindaráðið gæti skipt sköpum í baráttunni fyrir mannréttindum. En nú á öðrum áratug ráðsins er það á kafi í ýmsum vandamálum. Það hefur verið sakað um að velja sér gæluverkefni og þá grefur aukin stjórnmálavæðing þess undan trúverðugleika ráðsins. Mannréttindaráðinu hefur mistekist að beita sér gegn stærstu og alvarlegustu mannréttindabrotum samtímans,“ sagði meðal annars í greininni og var vitnað til dæmis til mannréttindabrota á Filippseyjum og í Venesúela.

# Framlengdu valdatíð forsetans

**SUÐUR-SÚDAN** Suðursúdanska þingið greiddi atkvæði með því í gær að lengja kjörtímabil Salva Kiir forseta og ýmissa annarra kjörinna embættismanna fram til ársins 2021. Upphaflega átti að kjósa til forseta þann 9. júlí, í fyrsta sinn frá því að ríkið lýsti yfir sjálfstæði. Við þau áform var hins vegar hætt vegna meintrar valdaránstilraunar og átaka í Afríkuríkinu.

Þetta er raunar ekki í fyrsta skipti sem þingið framlengir valdatíð Kiirs. Þegar halda átti forsetakosningar í júní árið 2015 var valdatíð hans í staðinn framlengd um þrjú ár vegna þessarar sömu borgarastyrjaldar sem geisaði þá og geisar enn í Suður-Súdan.

Salva Kiir hefur verið forseti Suður-Súdan allt frá því að ríkið fékk sjálfstæði árið 2011. Fyrir þann tíma var hann bæði forseti héraðsstjórnar Suður-Súdan, á meðan landið tilheyrði Súdan enn, og fyrsti varaforseti Súdan. Hann hefur þó aldrei verið formlega kjörinn forseti hins unga lýðveldis.

Að sögn Pauls Youani Bonju, formanns upplýsingamálanefndar þingsins, er ákvörðunin til þess fallin að styrkja stöðu ríkisstjórnarinnar í friðarviðræðum við uppreisnarmenn.

Uppreisnarmenn eru hins vegar ekki hrifnir, ef marka má frétt Reuters. „Við hörmum þessa ákvörðun þar sem hún sýnir fram á að ríkisstjórnin sé bara að spila einhverja leiki við samningaborðið. Alþjóðasamfélagið ætti ekki að viðurkenna þessa ákvörðun og ætti að lýsa því yfir að ríkisstjórnin sé samansett úr umboðslausum útlögum,“ sagði Mabior Garang de Mabior, talsmaður uppreisnarsamtakanna SPLM-IO, við miðilinn.

SPLM-IO eru uppreisnarsamtök sem voru mynduð eftir að Riek Machar var rekinn úr embætti varaforseta landsins eftir ósætti við Kiir árið 2013. Samtökin styðja Machar til áhrifa en eru ekki þau einu sem hafa barist gegn ríkisstjórninni í þessu tæplega fimm ára langa stríði.

Á milli 50.000 og 300.000 hafa farist í átökunum, ein og hálf milljón flúið land og rúmar tvær milljónir eru á vergangi innanlands. Þá hefur hungursneyð verið lýst yfir í Unity-héraði og staðan er víðast hvar erfið. **– þea**



Salva Kiir, forseti Suður-Súdan. NORDICPHOTOS/AFP

# FÁÐU ÞÉR NÝJA







Taugatrekkjandi sálfræðitryllir sem grípur lesandann frá fyrstu málsgrein

Átakanleg og afar áhrifarík sjálfsævisöguleg skáldsaga

Eftir nýjan danskan höfund sem hefur skotist upp á stjörnuhimininn

Tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2016

★★★★★★

„Snjöll glæpasaga eftir kláran höfund.“

BOGINSPIRATION.DK

★★★★★★

„Stórsigur.“ STAVANGER AFTENBLAD

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | **www.forlagid.is**

# Staðan er dökk



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Í annað sinn á átján mánuðum hefur Icelandair verið skellt niður á jörðina. Afkomuviðvörun flugfélagsins síðastliðið sunnudagskvöld, þar sem afkomuspá fyrirtækisins fyrir árið var lækkuð um allt að 37 prósent, kom ekki eins mikið á óvart og sú sem birtist í ársbyrjun 2017 en afleiðingarnar voru þær sömu. Hlutabréfaverð félagsins lækkaði um fjórðung og markaðsvirði Icelandair hefur núna minnkað um 140 milljarða á aðeins tveimur árum. Rekstrarkostnaður hefur aukist mikið á meðan tekjurnar hafa látið á sér standa vegna gríðarlegrar samkeppni – og Icelandair er þar að verða undir. Tiltrú og traust fjárfesta á flugfélaginu, sem var ekki mikið fyrir, er nú hverfandi.

Hluthafar Icelandair, þar sem lífeyrissjóðir eru umsvifamestir með um helmingshlut, hljóta að krefja stjórnendur félagsins skýrra svara um hvernig þeir ætli að snúa við rekstrinum samhliða harðnandi samkeppni frá lággjaldaflugfélögum. Veðmál Icelandair um að meðalfargjöld myndu hækka á árinu var dýrkeypt og gekk ekki eftir. Þær hagræðingaraðgerðir sem þegar hefur verið ráðist í til að bæta stöðu félagsins hafa enn ekki skilað tilætluðum árangri. Meira þarf til. Launakostnaður fyrirtækisins, sem er fílinn í stofunni, virðist nær stjórnlaus og jókst um meira en 30 prósent á fyrsta fjórðungi. Með sama framhaldi er útlit fyrir að hann hækki um tíu milljarða á árinu.

Á sama tíma og fréttir berast af versnandi afkomu Icelandair er minna vitað um rekstur WOW air, sem hefur stækkað með undraverðum hætti á örfáum árum, en fullyrða má að hann sé einnig erfiður um þessar mundir, einkum vegna hækkandi olíuverðs. Væntingar eru um að Skúli Mogensen, eini eigandi fyrirtækisins, fái erlenda fjárfesta inn í hluthafahópinn á næstunni til að treysta fjárhagsstöðu félagsins. Vonandi gengur það eftir. Það skiptir máli, ekki aðeins fyrir vöxt og viðgang WOW air, heldur ekki síður efnahagslífið sem má illa við því ef truflanir verða á starfsemi íslensku flugfélaganna. Vöxtur þeirra, en flugfélögin tvö standa undir um 80 prósentum af öllu framboði á flugferðum til og frá landinu, hefur gegnt lykilhlutverki í uppgangi ferðaþjónustunnar sem hefur umbylt íslensku hagkerfi.

Stærra samhengið er þetta. Icelandair hefur verið opinberað sem stofnun sem þangað til fyrir fáeinum árum naut þeirra forréttinda að starfa í reynd í fákeppnisumhverfi. Það er hins vegar liðin tíð – um þrjátíu flugfélög bjóða upp á flug til og frá landinu í sumar – og félaginu hefur mistekist að fóta sig í gerbreyttu samkeppnisumhverfi. Þetta á ekki aðeins við um Icelandair heldur höfum við séð slíkt hið sama í tilfelli annarra skráðra félaga sem hafa glímt við vaxandi samkeppni eftir komu Costco til landsins. Það sem þessi þróun hefur meðal annars leitt í ljós er að stjórnir fyrirtækja eru í of miklum mæli skipaðar stjórnarmönnum, með stuðningi lífeyrissjóða, sem eiga ekkert undir í félaginu og erfitt er að sjá hvaða sérþekkingu þeir hafa fram að færa til að takast á við slíkar krefjandi aðstæður. Þetta þarf að breytast.

Versnandi gengi Icelandair, sem er einn stærsti vinnustaður landsins, er ágætis vísbending um þverrandi samkeppnishæfni Íslands. Launakostnaður, mældur í erlendri mynt, hefur hækkað margfalt meira hér á landi síðustu ár í samanburði við okkar helstu nágrannaríki. Stjórnendur fyrirtækja, einkum í ferðaþjónustu, standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum. Uppsagnir og sameiningar eru í pípunum. Verði ekkert að gert mun gríðarlegur launakostnaður fyrirtækja, sem sumir telja skynsamlegt að auka enn frekar, brjótast út í verðbólgu og gengisveikingu. Staðan er dökk.

**Icelandair hefur verið opinberað sem stofnun sem naut þeirra forréttinda að starfa í reynd í fákeppnisumhverfi.**





30 ÁRA 2018 Flísabúðin

**30%**
**afmælisafsláttur á Heliosa hiturum**

HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra.
Helstu kostir HELIOSA hitara eru:
- Hitna strax
- Vindur hefur engin áhrif
- Vatnsheldir og menga ekki



Margar gerðir til á lager.

Finndu okkur á facebook

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Tækifæri**
**Að öllu óbreyttu verður Ísland kjörið í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í dag. Utanríkisráðherra segir í blaði dagsins að Ísland muni gagnrýna starfshætti ráðsins. Ekki veitir af. Ráðið hefur frá stofnun ekki haft þau áhrif sem vonast var eftir og þótt Bandaríkjaforseti hafi gert einstaklega margt umdeilanlegt í valdatíð sinni má segja að nokkurt vit hafi verið í þeirri ákvörðun að draga Bandaríkin úr ráðinu. Nú býðst tækifæri fyrir okkar litlu þjóð að hafa raunveruleg áhrif. Vonandi tekst að breyta starfsháttum ráðsins til hins betra.**

**Orðsporið**
**Íslendingum, einkum stjórnvöldum, er oft umhugað um orðspor Íslands fyrir utan landsteinana. Það orðspor beið án nokkurs vafa hnekki í gær þegar stærstu fjölmiðlar heims fjölluðu ítarlega um meint steypireyðardráp Hvals hf. Eigandi Hvals sagði að annaðhvort væri um einhvers lags blending eða langreyði að ræða. Ef hvalurinn, sem baráttusamtökin Hard To Port birtu myndir af, væri steypireyður, þá væri um mistök að ræða. Viðmælandi CNN sagði hins vegar að myndirnar sýndu að um steypireyði væri að ræða. Áhugavert verður að sjá hverjar niðurstöður Hafrannsóknastofnunar í málinu verða.**

thorgnyr@frettabladid.is

# Ratcliffe góður gæi



**Guðmundur Edgarsson**
kennari

Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með uppkaupum breska kaupsýslumannsins Jims Ratcliffe á jörðum hér á landi upp á síðkastið. Tvennu ber að kætast yfir varðandi þau viðskipti.

Annað er, að sem fjárfestir hefur Ratcliffe notið óheyrilegrar velgengni, sem þýðir að honum hefur að jafnaði tekist að gera meiri verðmæti úr fjárfestingum sínum en aðrir. Með því móti hefur hann aukið verðmætasköpun og hagsæld umfram það sem ella væri. Fleiri græða á því en Ratcliffe einn.

**Mun meiri möguleikar á arðsemi**
Hitt er, að Ratcliffe er alþjóðlegur fjárfestir sem leikur stórt hlutverk í heimsviðskiptum. Að slíkur viðskiptajöfur vilji fjárfesta á Íslandi gefur fyrirheit um að viðskiptin muni leiða til alþjóðlegra tenginga og aukinna möguleika til nýsköpunar og enn frekari fjárfestinga. Ratcliffe er beintengdur fjölda fjárfesta og fyrirtækja á mýmörgum sviðum um heim allan og því ljóst að möguleikar á aukinni arðsemi af fjárfestingum hans eru mun meiri en alla jafna fylgja fjárfestingum heimamanna.

**Mismunum ekki eftir þjóðerni**
Það er heldur ekki einfalt mál að mismuna evrópskum fjárfestum eftir þjóðerni. Slíkt brýtur í bága við EES-samninginn og því þyrfti að segja honum upp fyrst. Verði það gert má búast við sams konar takmörkunum á fjárfestingar og viðskipti Íslendinga á Evrópska efnahagssvæðinu. Ljóst er að fáir hefðu hag af því.

Engin ástæða er til að óttast að Íslendingar muni búa við skarðan hlut ef stór hluti jarða lendir í höndum erlendra fjárfesta. Þeir þurfa að gangast undir sömu lög og íslenskir kaupsýslumenn og arður af fjárfestingum þeirra mun skila sér inn í samfélagið í formi atvinnusköpunar og annarra umsvifa. Alþjóðleg tengsl aukast svo og viðskiptatækifæri á alþjóðavísu. Íslendingar ættu því að kappkosta að mynda jarðtengingar við fleiri heimsklassa athafnamenn á borð við Ratcliffe.

**Engin ástæða er til að óttast að Íslendingar muni búa við skarðan hlut ef stór hluti jarða lendir í höndum erlendra fjárfesta.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heimaland hinna frjálsu og huguðu

Í DAG

Þórlindur Kjartansson

Þegar Róbert Þórir Sigurðsson ætlaði að skjótast út af hótelinu sínu í New York til þess að sækja tjaldið sitt var honum giftusamlega bjargað af árvökulum starfsmanni. Hann var nefnilega næstum því búinn að fara sér að voða. Það var talið stórhættulegt að fara út á götu þennan dag vegna þess að spurnir höfðu borist af því að sprengja væri á gangstéttinni. Róbert var nú ekki þakklátari fyrir lífgjöfina en svo að hann reyndi að benda hótelstarfsmanninum á að böggullinn sem talið var að innihéldi sprengju var í raun og veru sakleysislegt útilegutjald sem Róbert sjálfur hafði skilið eftir á gangstéttinni. En hótelstarfsmaðurinn hafði sem betur fer vit fyrir Íslendingnum og það var ekki fyrr en eftir umtalsverða rannsókn og afskipti nokkurra tuga lögregluþjóna sem Róberti var leyft að kippa inn pakkanum með tjaldinu. Við svona lífshættulegar aðstæður er mikilvægt að öllum verkferlum sé fylgt af trúmennsku og hvers konar tuð um skýringar hlutanna séu látnar lönd og leið.

**Æsileg örlög tjalds**

Fréttin af hinu hættulega útilegutjaldi Róberts fór víða í vikunni. Og jafnvel þótt þessi böggull hafi alls ekki verið sprengja þegar allt kom til alls, þá má ekki gera lítið úr þeirri staðreynd að þangað til annað kom í ljós þá var böggullinn mjög líklega sprengja og það er æsilegri uppákoma í tilveru sakleysislegs útilegutjalds heldur en gengur og gerist.

Í Bandaríkjunum, og víðar á Vesturlöndum, dynur áróður á fólki um að allir þurfi að sýna stöðuga árvekni í baráttu okkar gegn hryðjuverkum. Það er þess vegna ekki skrýtið að þegar fólk sér böggul standa á stétt þá hafi það ekki bara grun um að það gæti verið sprengja—heldur virðist fólk halda að það hljóti að vera sprengja. Hvað annað gæti það svo sem verið?

**Líklega sprengja**

Óttinn við hryðjuverk er nú til dags orðinn svo inngróinn í menningu Vesturlanda að hann hefur margvísleg áhrif á okkur á hverjum degi. Þetta hefur gerst jafnvel þótt heilbrigð skynsemi ætti að hafa kennt okkur að jafnvel grunsamlegir bögglar sem skildir eru eftir á gagnstéttum stórborga séu að öllum líkindum sárasaklausir en ekki stórhættulegir. En tilfinningarnar segja fólki annað því í frétta- og bíómyndum er auðvitað nánast öruggt að böggullinn sé einmitt stórhættulegur en ekki sárasaklaus.

Við þetta bætist ákveðin hamfarastemning sem fólki finnst spennandi. Í bandarískri menningu er til staðar ákveðin dýrkun á stórkarlalegum aðgerðum hers og lögreglu. Fólk fílar að sjá lögguna mæta, helst gráa fyrir járnum í SWAT-búningi, loka stórum svæðum, hrópa valdsmannslegar skipanir til vegfarenda, senda svo róbóta eða sprengjusérfræðinga til þess að aftengja tjaldið áður en það springur. Það mun hafa gerst eftir árásirnar á tvíburaturnana 2001 að lögregluumdæmi í Bandaríkjunum fengu sífellt rýmri fjárheimildir til þess að kaupa vopn og stríðstæki. Fyrir vikið geta lögreglumenn á jafnvel tíðindasnauðustu svæðum landsins—þar sem hryðjuverkamenn myndu aldrei láta sér detta í hug að heimsækja—fengið útrás fyrir vopna- og valdsmannsblæti sitt með því að mæta í útköll á bryndrekum og útbúnir eins og sérsveitarmenn í sjóhernum.

**Frjáls og huguð?**

Þessi taugaveiklun vegna hryðjuverkahættu og vopnablæti lögreglunnar er algjörlega úr takti við umfang ógnarinnar. Hins vegar hefur stjórnvöldum í samvinnu við hergagna- og eftirlitsiðnaðinn tekist að búa svo um hnútana að fólk samþykkir ýmiss konar afskipti og inngrip í líf sitt í nafni meira öryggis. Þannig fagna til dæmis íbúar Boston öllu frelsinu sínu á 4. júlí að þeir safnast saman við bakka Charles-árinnar og horfa í öruggri fjarlægð á flugelda sem sérhæfðir skotmenn senda á loft í nafni hinna opinberu hátíðarhalda—og yfir hinum frelsiselskandi mannfjölda svífa lögregludrónar sem streyma stöðugt myndefni til lögreglumanna í brynhelldum njósnabílum. Þar sitja lögreglumenn tilbúnir til að senda þungvopnuðu sérsveitirnar á vettvang ef eitthvað grunsamlegt gerist.

Þjóðsöngur Bandaríkjanna lofsyngur heimaland hinna frjálsu og huguðu—„land of the free and the home of the brave“. Það var líka frelsisþráin sem var tilefni og tilgangur þess að Bandaríkin urðu sjálfstætt land. Virðing fyrir einstaklingnum og réttindum hans til þess að fá að vera í friði frá óþörfum afskiptum annarra manna eða stjórnvalda.

En þeir sem stofnsettu Bandaríkin gerðu sér líka grein fyrir því að því fylgir áhætta að búa í frjálsu samfélagi. Enda sagði Benjamin Franklin, einn helsti hugmyndasmiður síns tíma, að sá sem vildi fórna frelsi sínu fyrir tímabundið öryggi ætti hvorki skilið að njóta frelsis né öryggis.

Samfélag þar sem lögreglan tekur stöðugt myndir af saklausu fólki er komið býsna langt frá því að geta kallast alveg frjálst—og þegar fólki dettur fyrst af öllu í hug sprengja þegar það sér sakleysislegan böggul á gangstétt þá er illa komið fyrir hughreystinni líka.





BOSS ILMDAGAR Í LYFJU
20% afsláttur af öllum HUGO BOSS vörum dagana 13.- 18. júlí
Finndu þinn Boss ilm og fáðu veglegan kaupauka frítt með*

lyfja.is

*á meðan birgðir endast

LYFJA – Lífið heil

# KASSATILBOÐ




**NÝJUNG**

**Nocco Carnival**

24 stk í kassa. 105 mg og 180 mg

**5.900** kr/ks

Verð áður 7.176 kr/ks

Tilboð gilda út 15. júlí




**Marzetti salatdressingar**

Margar tegundir

**799** kr/stk



**Steinbakað súrdeigsbrauð**

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

**849** kr/stk




**Monte Nevado hráskinka**

Gerð úr ibérico svínum og mangalica svínum

Verð frá **1.099** kr/pk

SÓLHEIMAR
ECO-VILLAGE

# UPPSKERAN Í FULLUM GANGI

SÓLHEIMAR
ECO-VILLAGE



**Lífrænar Agúrkur**

Verð frá **399** kr/pk



**Lífrænir tómatar**

Verð frá **549** kr/pk




**Lífrænn kúrbítur**

**699** kr/kg

# Meira svona alla daga






**Íslandssósur rjómasósur**

Rjóma sveppasósa og piparosta rjómasósa

**539** kr/stk

20% afsláttur

Holta

**Grillbringur**

Spicy lemon, Black gralic og Indian style

**1.999** kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg



20% afsláttur

**Piparkryddleginn folaldafile**

**2.799** kr/kg

Verð áður 3.499 kr/kg




20% afsláttur

**Smash style hamborgarar**
2 x 250 g

**1.039** kr/stk

Verð áður 1.299 kr/stk




30% afsláttur

**Kálfafile**

**3.499** kr/kg

Verð áður 4.999 kr/kg

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT



Haukur Páll Sigurðsson, fyrirliði Vals, í baráttu við leikmenn Rosenborg í leik liðanna á Origo-vellinum á miðvikudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Meðal bestu Evrópuúrslitanna

**Valur náði sínum bestu úrslitum í Evrópukeppni í þrjá áratugi þegar liðið vann Noregsmeistara Rosenborg á miðvikudagskvöldið. Sigur Valsmanna er með þeim bestu hjá íslensku liði í Evrópukeppni frá upphafi.**

**FÓTBOLTI** Mark Eyjamannsins Eiðs Arons Sigurbjörnssonar sex mínútum fyrir leikslok tryggði Íslandsmeisturum Vals sigur á Noregsmeisturum Rosenborg í fyrradag. Þetta var fyrri leikur liðanna í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Sá seinni fer fram á Lerkendal Stadion í Þrándheimi 18. júlí. Sigurvegarinn í einvíginu mætir að öllum líkindum Celtic í næstu umferð.

Lið Rosenborg er gríðarlega sterkt og hefur orðið norskur meistari þrjú ár í röð. Sigur Vals er því afar eftirtektarverður og má setja í hóp með bestu úrslitum sem íslenskt lið hefur náð í Evrópukeppni. Valur er annað íslenska liðið sem vinnur Rosenborg en Breiðablik vann norska liðið 2-0 á heimavelli sumarið 2011, eftir að hafa tapað fyrri leiknum 5-0.

Sigur Vals á Rosenborg kemur 30 árum eftir að Valsmenn náðu sínum bestu úrslitum í Evrópukeppni; þegar liðið vann 1-0 sigur á Frakklandsmeisturum Monaco. Þá eru 50 ár síðan Valur gerði markalaust jafntefli við Eusébio og félaga í Benfica fyrir framan metfjölda áhorfenda á Laugardalsvellinum.

FH, Stjarnan, Breiðablik og KR hafa náð ágætis úrslitum í Evrópukeppnum síðasta áratuginn en nú gæti röðin verið komin að Val sem hafði fyrir leikinn á miðvikudaginn aðeins unnið einn af síðustu 12 Evrópuleikjum sínum. Verkefnið í Þrándheimi verður ærið en Valsmenn fara þangað með eins marks forskot.

Jafnvel þótt Valur falli úr leik fer liðið í 2. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar þar sem það mætir Santa Coloma frá Andorra. Valsmenn eiga því að minnsta kosti þrjá Evrópuleiki eftir í sumar.

ingvithor@frettabladid.is

## Eftirminnilegir Evrópusigrar íslenskra liða



### Valur 2-1 Nantes 1985

Tvö mörk Guðmundar Þorbjörnssonar tryggðu nýkrýndum Íslandsmeisturum Vals sigur á Nantes á Laugardalsvellinum í fyrri leik liðanna í 1. umferð UEFA-bikarsins haustið 1985.

Vorið áður hafði Nantes endað í 2. sæti frönsku úrvalsdeildarinnar og hafði sterku liði á að skipa. Innan raða þess var meðal annarra Jorge Burruchaga sem tryggði Argentínu heimsmeistaratitilinn 1986.

Nantes vann seinni leikinn gegn Val með þremur mörkum gegn engu og fór svo alla leið í 8-liða úrslit keppninnar þar sem franska liðið féll úr leik fyrir Inter.



### Valur 1-0 Monaco 1988

Í septemberbyrjun 1988 vann Valur 1-0 sigur á Frakklandsmeisturum Monaco í 1. umferð Evrópukeppni meistaraliða. Atli Eðvaldsson skoraði eina mark leiksins á 55. mínútu.

Þjálfari Monaco á þessum tíma var Arsene Wenger og í liðinu voru leikmenn á borð við Glenn Hoddle, Manuel Amoros, Jean-Luc Ettori og Patrick Battiston.

Monaco vann seinni leikinn á sínum heimavelli 2-0. Seinna mark franska liðsins skoraði Líberíumaðurinn George Weah sem fékk Gullboltann sjö árum seinna. Monaco komst í 8-liða úrslit keppninnar þar sem liðið tapaði fyrir Galatasary.



### ÍA 1-0 Feyenoord 1993

Lið ÍA árið 1993 er að margra mati talið það besta í íslenskri fótboltasögu. Skagamenn urðu Íslandsmeistarar með yfirburðum og bikarmeistarar að auki.

Í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu mætti ÍA Hollandsmeisturum Feyenoord sem tvíburarnir frá Akranesi, Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, léku með.

Skagamenn gerðu sér lítið fyrir og unnu fyrri leikinn á Laugardalsvellinum með frægu skallamarki Ólafs Þórðarsonar stundarfjórðungi fyrir leikslok. Í seinni leiknum í Rotterdam reyndist Feyenoord sterkari og vann 3-0 sigur.



### Stjarnan 1-0 Lech Poznan 2014

Stjörnumenn tóku í fyrsta sinn þátt í Evrópukeppni sumarið 2014 og úr varð mikið ævintýri. Hápunkturinn á því var 1-0 sigurinn á pólska liðinu Lech Poznan sem hafði þremur árum áður komist í 16-liða úrslit Evrópudeildarinnar. Rolf Toft skoraði sigurmarkið.

Seinni leikurinn í Póllandi endaði með markalausu jafntefli og Stjarnan fór því áfram og varð fyrsta íslenska liðið til að vinna þrjú Evrópueinvígi á sama tímabilinu.

Í umspili um sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar mætti Stjarnan ítalska stórveldinu Inter sem vann Garðabæjarliðið samanlagt 9-0.

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Grindavík - KA 1-2**
1-0 Alexander Veigar Þórarinsson (8.), 1-1 Ásgeir Sigurgeirsson (31.), 1-2 Ýmir Már Geirsson (90.).

**Forkeppni Evrópudeildarinnar**

**Lahti - FH 3-0**
0-1 Halldór Orri Björnsson (4.), 0-2 Steven Lennon (18.), 0-3 Robbie Crawford (90.).

**ÍBV - Sarpsborg 0-4**
0-1 Rashad Muhammed (59.), 0-2 Patrick Mortensen (66.), 0-3 Ole Jørgen Halvorsen (90.), 0-4 Armin Askar (90.).

**Stjarnan - Nomme Kalju 3-0**
1-0 Hilmar Árni Halldórsson (víti) (18.), 2-0 Baldur Sigurðsson (49.), 3-0 Guðjón Baldvinsson (70.).

**Inkasso-deild karla**

| | |
|---|---|
| HK - Haukar | 3-0 |
| Víkingur Ó. - Fram | 2-1 |
| Selfoss - Njarðvík | 4-1 |

**Inkasso-deild kvenna**

| | |
|---|---|
| ÍR - Fjölnir | 1-2 |
| Afturelding/Fram - ÍA | 2-2 |

## Conte sagt upp á næstu dögum

**FÓTBOLTI** Ítalska knattspyrnustjóranum Antonio Conte hefur verið sagt upp störfum sem knattspyrnustjóra Chelsea ef marka má heimildir Skysports. Félagið mun að öllum líkindum ganga frá ráðningu á Maurizio Sarri, samlanda Conte, ef af þessu verður, en hann hefur verið orðaður við félagið undanfarna mánuði.

Conte hefur stýrt Chelsea síðastliðin tvö ár en undir hans stjórn vann félagið ensku deildina á fyrsta ári og enska bikarinn í fyrra. Þrátt fyrir það virðist tíma hans í Lundúnum lokið enda missti Chelsea af sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta ári.

Sarri sagði upp hjá Napoli í byrjun sumars og virtist þá ljóst að hann myndi taka við enska félaginu af Conte, en forráðamönnum félagsins hefur gengið illa að semja um starfslokin við Conte.

Stýrði Conte fyrstu æfingum Chelsea eftir sumarfrí í byrjun vikunnar en svo virðist sem félagið sé loksins búið að semja við hann um starfslok svo að Sarri geti tekið við.

Conte kveður félagið sem sá sigursælasti í sögunni af þeim knattspyrnustjórum sem stýrt hafa liðinu í 100 leikjum eða fleiri. Þá er Conte einn af fjórum knattspyrnustjórum sem unnið hafa ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu karla í fyrstu atrennu. – hó



**Antonio Conte mun líklega ekki stýra Chelsea á komandi keppnistímabili.** FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS GETTY.

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 13. JÚLÍ 2018



# Hittir ótrúlegasta fólk

Erling Bang, trommuleikari rokksveitarinnar Fufanu, er á stöðugu flandri um heiminn. Heima finnst honum best að spila fótbolta með stráknum sínum, horfa á kvikmyndir og grallarast með góðum vinum. ➔2

MYND/ANTON BRINK






Framhald af forsíðu ➭

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Síðasta ár var viðburðaríkt hjá meðlimum rokksveitarinnar Fufanu sem spiluðu á tónleikum og tónleikahátíðum víða í Evrópu og í Bandaríkjunum. Síðasta hálfa árið hefur sveitin þó tekið mikilvæga pásu frá ferðalögum og tónleikahaldi en eytt tímanum frekar í hljóðveri við að semja ný lög og æfa nýtt tónleikasett að sögn Erlings Bang, trommuleikara sveitarinnar. „Síðasta ár einkenndist af mikilli keyrslu en um leið er þetta búinn að vera skemmtilegur tími. Það hefur auðvitað verið magnað að fá að koma á nýja staði og hitta stundum alveg hreint ótrúlegt fólk sem ég ætla nú ekkert að vera að nefna sérstaklega. En ég ætti að taka einn stað út mundi ég nefna Sikiley á Ítalíu sem er alveg einstakur staður.“

## Nýtt efni í sumar

Í lok júní gaf Fufanu út EP-plötuna Dialogue I sem inniheldur fjögur ný lög auk þess sem myndbönd við tvö laganna voru frumsýnd um svipað leyti. „Við vorum allir búnir að gera mörg lög hver í sínu horninu. Lögin voru mjög fjölbreytt þannig að við tókum þá spennandi ákvörðun að flytja inn hipphopp-upptökustjóra alla leið frá Harlem til að ákveða hvaða lög við myndum vinna með og klára. Hann heitir Alap Momin og setti klárlega fingraför sín á efnið okkar. Ég mundi segja að nýju lögin væri talsvert öðruvísi heldur en á síðustu tveimur plötum, innihalda til dæmis meiri bassa og danstónlistin er meira áberandi.“

Um leið gáfu þeir út myndbönd við tvö laganna, Hourglass og Listen to me. „Ég kom nú sjálfur lítið að gerð myndbandanna en Kolbeinn, bróðir Hrafnkels í bandinu, gerði myndbandið við Hourglass og svo gerði Gulli gitarleikari okkar myndbandið við Listen to me, úr efni sem var tekið upp fyrir plötuumslögin af Dialogue EP-plötunum.“

## Byrjaði í þyngri böndum

Áður en Erling gekk til liðs við Fufanu hafði hann komið víða við og spilað með ólíkum hljómsveitum og listamönnum. „Ætli fyrsta þekkta hljómsveitin sem ég var í hafi ekki verið I Adapt sem var ein þekktasta hardcore hljómsveitin landsins og spilaði mjög hraða og aggressíva pönktónlist. Þá var ég sautján ára gamall og við vorum strax byrjaðir að túra ansi grimmt. Eftir það var ég í Celestine sem var þungt metalband. Á þeim tíma var ég einnig í undirheima-rafverkefni sem hét Krooks og þar kynntist ég tónlistarmanninum Teiti sem síðar bauð mér í Ojba Rasta. Eftir það fór ég að spila með Sin Fang og Singapore Sling en geng síða til liðs við Fufanu árið 2015.“

## Spilar fótbolta með syninum

Lífið á tónleikaferðum getur verið lýjandi og inn á milli finnst Erling gott að slaka á heima. „Helsti gallinn við þennan lífsstíl er kannski helst hvað maður er mikið í burtu frá sínum nánustu, hvort sem við erum að úti að túra eða í stúdíóinu. Þegar ég er heima finnst mér best að vera með stráknum mínum, Stefáni Rökkva sem er níu ára, að spila fótbolta eða Fortnite. Mér finnst líka mjög gaman að horfa á bíómyndir. Svo reyni ég að grallarast eitthvað með góðum vinum annað slagið. En það getur verið erfitt að festa sig í einhverju þegar maður er sífellt á flandri um heiminn. Ég hef til dæmis varla tölu á hvað ég hef búið á mörgum stöðum síðan ég byrjaði í Fufanu.“

Þegar tími gefst til trommar hann með öðrum listamönnum og hljómsveitum sem hann segir gefa sér mikið. „Mér þykir mjög gaman að vinna með öðrum listamönnum og hef verið einstaklega heppinn með að fá að vinna með ótrúlegum listamönnum sem eru miklu klárari en ég á alls konar sviðum. Það veitir mér styrk og innblástur, þannig hef ég lært og komist áfram í því sem ég er að gera.“

## Skemmtilegur stíll

Erling hefur lengi vakið athygli fyrir skemmtilegan klæðaburð og stíl. Hann segist þó þurfa að viðurkenna að hann sé alls enginn tískusérfræðingur. „Ég veit yfirleitt ekkert um það hvað er í tísku hverju sinni og það hefur lítið breyst síðustu árin. En mér hefur alltaf þótt tískuheimurinn dálítið fyndinn og skemmtilegt fólk í honum. Ég horfði mikið á MTV og Cartoon Network þegar ég kom heim úr skólanum sem unglingur sem hefur vafalaust haft sín áhrif á stíl minn og smekk. Fatastíllinn minn breytist ekkert þótt ég sé á tónleikaferðalagi nema þá kannski þannig að fötin verða aðeins skítugri á ferðalögum. Ég klæði mig bara í þau föt sem eru hrein þann daginn og er heppinn með að kunna vel við öll föt sem ég á. Fyrir vikið þarf ég ekkert að eyða of miklum tíma í að velja föt fyrir hvern dag.“



Erling Bang hefur lengi vakið athygli fyrir skemmtilegan klæðaburð og stíl.



Þegar Erling er á landinu finnst honum best að spila fótbolta með stráknum sínum, Stefáni Rökkva, sem er níu ára gamall.

## Bókaðir fram í tímann

Í kvöld kemur sveitin fram á tónleikum á tónlistarhátíðinni Musilac 2018 í Aix-les-Bains í Frakklandi en meðal flytjenda á hátíðinni eru Depeche Mode, Deep Purple og Simple Minds. Seinna í sumar gefa þeir út tvær aðrar EP-plötur og spila á hinum og þessum tónleikum og tónlistarhátíðum um heiminn. „Við erum nýkomnir frá Hollandi og spilum í Frakklandi í kvöld. Á næstu mánuðum munum við m.a. spila í Sviss, Lúxemborg, Írlandi, Austurríki og Englandi. Ég held að við séum bókaðir fram í október en vona að við náum að spila allavega einu sinni hérna heima.“

Hægt er að hlusta á ný lög Fufanu á Spotify og horfa á myndböndin á www.fufanu.net.



Fufanu gefur út þrjár EP-plötur í sumar og kom sú fyrsta út seint í júní.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Hydro Boost og húðin ljómar

**Nýja Hydro Boost línan frá Neutrogena styrkir náttúrulegar rakavarnir húðarinnar með glycerin og ólívuextrakt. Vörurnar eru þróaðar í samstarfi við húðlækna, þær innihalda ekki alkóhól.**

Húðin lítur best út þegar hún er vel nærð og rakastigið nægilegt. Ýmsir utanaðkomandi áhrifavaldar geta haft áhrif á rakastig hennar, svo sem of lítill svefn, stress og mengun. Húðin hleypir þá of miklum raka út og endar of þurr. Þetta gerir það að verkum að fínar línur geta farið að myndast, og húðin verður þreytuleg að sjá.

Aðalinnihaldsefni Hydro Boost línunnar er náttúrulega rakaefnið hyaluronicsýra. Hún er nú þegar til staðar í húðinni og virkar eins og svampur sem bindur allt að 1000-falda þyngd sína í vatni djúpt í húðinni. Formúlan býr svo til eins konar vatnstank undir húðlaginu sem sleppir rakanum hægt og rólega og tryggir að hún fái nægan raka allan daginn. Næst styrkir hún náttúrulegar rakavarnir húðarinnar með glycerin og ólívuextrakt svo að hún tapi ekki rakanum of fljótt. Þannig verður húðin mjúk og fyllt af raka, og virðist ljóma innan frá.

Ýmsar vörur eru fáanlegar í Hydro Boost línunni. Má þar nefna andlitskrem sem koma í tvenns konar útgáfum, annars vegar gel og hins vegar krem, næturkrem sem vinnur eins og maski, andlitshreinsar og -skrúbbur sem hjálpar til við að djúphreinsa húðina og loks eru það líkamskrem og handáburður. Allar þessar vörur eru rakagefandi og henta einstaklega vel fyrir þurra húð.

Hydro Boost vörurnar fást t.d. í Hagkaup, Krónunni, Lyfju, Lyfjum og heilsu og fleiri stöðum.




### Hydro Boost Hand Gel Cream

**Einstaklega léttur handáburður sem smýgur hratt inn og gefur höndunum stöðugan raka í 24 tíma.**

### Hydro Boost Quencing Body Gel Cream

**Létt gelkrem fyrir venjulega til þurra húð. Bindur raka djúpt í húðinni, og styrkir rakavarnir hennar. Kremið er ekki fitugt og smýgur hratt inn.**

### Hydro Boost Whipped Body Balm

**Létt krem fyrir þurra húð. Bindur raka djúpt í húðinni og styrkir rakavarnir hennar svo hún heldur rakanum mun lengur.**




### Hydro Boost Gel Milk Cleanser

**Andlitshreinsir sem sameinar léttleika gels og róandi eiginleika hreinsimjólkur. Hreinsirinn tekur óhreinindi, olíur og farða, en er sérstaklega mildur fyrir húðina og hjálpar henni að halda góðu rakastigi.**




### Hydro Boost Water Gel Cleanser

**Létt rakagefandi gel sem virkjast með vatni og bræðir burt óhreinindi, olíur og farða. Í hreinsinum er notast við sérstaka tækni sem hreinsar húðina án þess að veikja rakavarnir hennar.**




### Hydro Boost Smoothing Gel Exfoliator

**Gelkenndur skrúbbur sem hjálpar til við að djúphreinsa húðina. Fínar skrúbbagnir pússa yfirborð húðarinnar á mildan hátt svo húðin verður tandurhrein. Notið sem viðbót við hreinsirútínu 1-2 sinnum í viku.**




### HydroBoost Eye Awakening Gel-Cream

**Frískandi gelkrem sem gefur augnsvæðinu kröftugan raka á meðan það kælir og vekur húðina. Með sérstakri tækni sleppir það rakanum hægt út í 48 tíma, svo húðin á augnsvæðinu fær ávallt þann raka sem hún þarf. Kremið er létt og hentar frábærlega sem grunnur undir farða.**




### Hydro Boost City Shield Hydrating Lotion SPF25

**City Shield kremið gefur húðinni raka með hjálp hyaluronicsýru, en styrkir einnig varnir húðarinnar til að takast á við daglegt áreiti. Kremið verndar húðina gegn mengun, sem oft gerir það að verkum að húðin virkar líflaus og grá. Það veitir einnig vörn gegn skaðlegum UVA- og UVB-geislum sólarinnar.**




### Hydro Boost Sleeping Cream

**Blanda af næturkremi og maska, sem vinnur yfir nóttina að því að endurnýja húðina og fylla hana af raka. Kremið gefur húðinni samstundis kröftugan raka og byggir upp rakavarnir hennar þannig að hún á það síður til að ofþorna. Berið á hreina húð að kvöldi til, og leyfið að liggja á yfir nóttina á meðan sofið er.**




### Hydro Boost Water Gel

**Sérstaklega létt gel sem smýgur inn í húðina á augabragði. Gelið gefur kröftugan raka með náttúrulega rakaefninu hyaluronicsýru. Með sérstakri tækni heldur það húðinni rakafylltri allan daginn. Gelið er olíulaust. Notist daglega á hreina húð og háls.**




### Hydro Boost Gel Cream

**Létt gelkrem sem hentar vel fyrir þurra og extra þurra húð. Kremið gefur sérstaklega kröftugan raka með náttúrulega rakaefninu hyaluronicsýru. Kremið er olíulaust. Notist daglega á hreina húð og háls. Nuddið kreminu vel inn með léttum hringlaga hreyfingum.**

# Flík fyrir þá sem nota hjólastól



Chloe Ball-Hopkins hannaði samfestinginn í samstarfi við ASOS. MYND/ASOS

**Netverslunin ASOS er byrjuð að selja flík sem er hönnuð fyrir þá sem nota hjólastól. Vonast er til að hún sé tákn nýrra tíma og tískuheimurinn taki meira tillit til fatlaðra.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Netverslunin ASOS er byrjuð að selja samfesting sem er sérhannaður fyrir fólk sem notar hjólastól. Samfestingurinn er með litríku munstri, er vatnsheldur og kostar tæplega 7.000 krónur.

Það er nýjung að tískuvörur séu framleiddar sérstaklega fyrir þá sem nota hjólastól, en samfestingurinn er samstarfsverkefni ASOS og Chloe Ball-Hopkins, sem hefur keppt fyrir hönd Bretlands á Ólympíuleikum fatlaðra í bogfimi og er fréttamaður hjá BBC.

Ball-Hopkins situr sjálf fyrir á myndunum af flíkinni á vefsíðu ASOS og ræddi samstarfið við ASOS nýlega á Twitter-reikningi sínum: „Síðustu mánuði hef ég unnið með ASOS við að búa til flík sem er bæði flott, nytsamleg og vatnsheld. Ekki bara fyrir fólk eins og mig sem notar stól, heldur fyrir alla. Þetta snýst um að gera tísku aðgengilega.“

Í lýsingunni á flíkinni er tekið fram að bakstykkið sé hannað þannig að strengurinn er hærri svo að samfestingurinn sitji betur og þrengi síður að þeim sem situr í stól og ýtir sér áfram. Ball-Hopkins útskýrði líka í tístum að hún hefði viljað að hann væri með rennlás um mittið til að hægt væri að skipta honum í tvennt og gera það auðveldara að fara úr honum og í. Skálmarnar eru með teygju neðst sem hentar lágvöxnu fólki vel og er þægilegt við stígvél. Vatnsheldur vasi er á jakkanum sem er hugsaður fyrir síma, lyf eða lækningatæki.

Samfestingnum sjálfum og samstarfi ASOS við Ball-Hopkins hefur verið fagnað mikið á samfélagsmiðlum, bæði af einstaklingum og góðgerðasamtökum.

### Tíska á að vera fyrir alla

Tískuheimurinn er duglegur að tala um fjölbreytileika, en ekki eins duglegur að leyfa honum njóta sín. Þegar kemur að fötluðum einstaklingum hafa orðið sérstaklega litlar framfarir.

Sinead Burke, einn helsti málsvari fatlaðra í tískuheiminum, hefur talað um mikilvægi þess að tískuiðnaðurinn taki tillit til fólks með alls kyns fötlun og 1,3 milljónir hafa horft á TED-fyrirlestur hennar um málefnið.

Imran Amed, áhrifamikill tískusérfræðingur, sem er stofnandi og aðalritstjóri vefmiðilsins The Business of Fashion, segir einfaldlega að það sé ekki lengur hægt að sætta sig við að í nokkrum iðnaði sé fólk útilokað vegna fötlunar. Hann segir að það sé á ábyrgð tískuiðnaðarins að taka tillit til og sinna þörfum allra, ekki bara af því að það sé rétt, heldur líka vegna þess að það borgi sig. „Efnahagslega tækifærið eitt og sér undirstrikar þetta, en við berum siðferðislega skyldu sem gerir þetta nauðsynlegt,“ sagði Amed.

ASOS finnst greinilega skipta máli að tískan sé fyrir alla. Verslunin hefur lagt áherslu á að bjóða fólki af öllum stærðum og gerðum tískufatnað, hún hefur markaðssett vörur sem eru kynlausar og lagt áherslu á jákvæða líkamsmynd og andlega vellíðan. Fyrr á þessu ári hóf ASOS líka auglýsingaherferð með fyrirsætunni og bloggaranum Mama Cāx, sem missti fót vegna krabbameins þegar hún var unglingur og er öflugur talsmaður fatlaðra. Þessi nýi samfestingur er annað skref í rétta átt og vonandi vísir að því sem koma skal í tískuheiminum.


LANGAR ÞIG AÐ KAUPA FASTEIGN Á SPÁNI ?

KYNNING LAUGARDAGINN 14. JÚLÍ KL. 13 - 17
FOSSHÓTEL REYKJAVÍK, ÞÓRUNNARTÚNI 1, 105

MASA INTERNATIONAL HELDUR KYNNINGU Á FASTEIGNUM OG SKOÐUNARFERÐUM TIL SPÁNAR, ÞAR SEM DRAUMAEIGNINA ÞÍNA GÆTI VERIÐ AÐ FINNA. KYNNTAR VERÐA EIGNIR Á COSTA BLANCA STRÖNDINNI Á SPÁNI.

MASA INTERNATIONAL HEFUR STARFAÐ Á FASTEIGNAMARKAÐI Á SPÁNI FRÁ ÁRINU 1981 OG HEFUR HJÁLPAÐ YFIR 36.000 MANNS VÍÐA AÐ ÚR HEIMINUM AÐ FINNA SÍNA EIGN Í SÓLINNI Á SPÁNI. MASA INTERNATIONAL ER MEÐ ISO 9001 VOTTUN, SEM TRYGGIR VIÐSKIPTAVINUM OKKAR FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTU.












MASA International á Íslandi 555 0366 | masaiceland@gmail.com | masainternational.is




# RALPH LAUREN KYNNING Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI

## FÖSTUDAG TIL MIÐVIKUDAGS



Glæsileg RALPH LAUREN TASKA er kaupaukinn þinn þegar þú kaupir RL vörur fyrir 7.500 kr. eða meira.

**20% AFSLÁTTUR AF RALPH LAUREN DÖMU- OG HERRAILMUM Á KYNNINGUNNI.**

1.

2.

3.

4.



Tískuhattur sumarsins 2019. Neon-græni jakkinn er sömuleiðis það sem koma skal. Það var Versace sem sýndi þennan búnað. Takið eftir að herrann er síðhærður og með veski.

# Karlar með hatta 2019

**Það vakti athygli að þegar tískuhönnuðir kynntu herratískuna fyrir vor og sumar 2019 fyrir stuttu voru hattar allsráðandi. Karlar með hatta verða því áberandi á næsta ári.**

Hattarnir sem kynntir eru til sögunnar eru svo sem ekki neitt nýtt módel. Þeir hafa áður verið sjáanlegir, sérstaklega á sólarströndum. Hins vegar er þessi nýja tíska innblásin af náttúrunni. Mynstur efnanna er sótt til jarðarinnar; steinn, marmari og vatn, jafnvel blóm. Þá má auk þess sjá gallaefni, nælon og leður. Sterkir neon-litir voru áberandi í jökkum og skyrtum. Herrarnir verða því nokkuð skrautlegir næsta sumar vilji þeir klæðast nýjustu tísku. Hattarnir sem verða vinsælastir kallast á ensku „bucket hat“.

1. Þessi fatnaður frá Valentino fyrir sumarið 2019 myndi henta ágætlega á Íslandi núna.

2. Herratíska Valentino fyrir vor og sumar 2019. Sýning var haldin í París í síðasta mánuði.

3. Fendi er ekkert öðruvísi en margir aðrir þegar kemur að hattatískunni.

4. Dolce & Gabbana lét heldur ekki sitt eftir liggja með hattana.



Armani vill líka að karlar gangi með hatta en heldur sig við þennan þekkta stíl. Takið eftir þessum flottu sólgleraugum.



# MEIRI VERÐLÆKKUN 50–70% AFSLÁTTUR Á ÚTSÖLUNNI !!

Skoðaðu úrvalið og pantaðu í netverslun
www.curvy.is eða kíktu til okkar í Fákafen 9

Opið alla virka daga frá kl. 11-18
og laugardaga frá kl. 11-16






















Curvy.is

Fákafen 9 | 108 Reykjavík | S: 581-1552 | curvy@curvy.is

# Breytir borðstofunni í gallerí

Myndlistarkonan Sigríður Huld Ingvarsdóttir sækir innblástur í sveitina. Hún breytir borðstofu foreldra sinna í sýningarsal yfir helgina og er óhrædd við að storka örlögunum, föstudaginn 13.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Ég er ekki hjátrúarfull. Við mamma erum reyndar dálítið kaldhæðnar báðar og finnst bara fyndið að storka örlögunum með því að opna sýningu föstudaginn þrettánda, klukkan þrettán," segir Sigríður Huld Ingvarsdóttir myndlistarkona en hún opnar sýningu í dag á yfir tuttugu málverkum og kolateikningum sem hún hefur unnið síðustu þrjú ár.

Sýningarsalurinn er borðstofan heima hjá foreldrum hennar í Búðasíðu 8 á Akureyri. Áður hafði Sigríður sýnt verkin í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík og þegar sýningunni þar lauk reyndust sýningarsalir ekki liggja á lausu.

„Okkur mömmu datt þá í hug að búa til viðburð hérna heima. Það átti hvort sem er að tæma borðstofuna og mála svo við ákváðum bara að slá tvær flugur í einu höggi. Fyrst ætlaði ég bara að hafa opið þennan eina dag en mamma tók ekki annað í mál en að hafa opið alla helgina. Ég er ótrúlega ánægð með það, það hefðu ekki allir foreldrar nennt að standa í þessu," segir Sigríður. Foreldrarnir, Ásrún Aðalsteinsdóttir, textílhönnuður og kennari, og Ingvar Haraldsson, húsasmíðameistari og húsvörður Listasafns Akureyrar, hafa unnið að undirbúningi sýningarrýmisins af kappi og munu standa vaktina alla helgina.

„Þau sögðu þetta tilvalið tækifæri til þess að halda veislu. Það verður freyðivín og fleira skemmtilegt á opnuninni," segir Sigríður.



**Sigríður Huld opnar sýningu í dag klukkan 13.** MYND/AUÐUNN





### Tæknilegt nám í myndlist

Sigríður Huld er búsett í Svíþjóð og hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga, bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Ytra stundaði hún nám í klassískri teikningu og olíumálun í SARA, The Swedish Academy of Art, og hefur sinnt kennslu í myndlist eftir að námi lauk. Hún segir námið hafa verið afar tæknilegt og sköpunargáfan þar af leiðandi sett til hliðar.

„Núna er ég að feta mig út í að mála það sem mig langar til og sæki innblásturinn í sveitina en ég ólst upp í Bárðardal. Myndefnin eru hestar og kindur og portrett af konum með gæruskinn. Nærmyndir af gæruskinnum kalla ég „hugleiðslumálverkin" mín og með þeim er ég að reyna að slíta mig frá þeirri hugsun að ég þurfi að gera allt rétt og nákvæmlega, eins og áhersla var lögð á í skólanum," segir Sigríður.

Sýningin verður opnuð klukkan 13 í dag í Búðasíðu 8 á Akureyri og verður opið til miðnættis. Laugardag og sunnudag verður opið frá klukkan 13 til 22. Nánar má skoða verk Sigríðar undir heitinu Huld á Instagram og Facebook og á vefsíðunni huld.se.





ALLT Í FERÐALAGIÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um allt sem viðkemur ferðalaginu
kemur út 19. júlí nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


FACE THE CITY
NEW
NIVEA
Essentials
1 MINUTE URBAN PROTECT MASK
+PURIFY
WHITE CLAY & MAGNOLIA EXTRACT
75ml
NIVEA
Essentials
URBAN SKIN PROTECT
DAY CREAM SPF20
Essentials
URBAN SKIN DETOX
NIGHT GEL CREAM
AFEITRAR | VERNDAR | ENDURBYGGIR



GLAMOUR
Komið í allar helstu verslanir
GLAMOUR
Ísland
júlí/ágúst '18
Falin perla í Reykjavík
Innlit á heimili sem er sveit í borg.
„Þegar upp er staðið stendur þú einn"
Mæðgurnar Hanna María, Katla og Saga Sig um mæðgnasambandið, kvennabaráttu og femínisma.
Látum okkur DREYMA
um sumar og sól
Íslenskt tískutímarit

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BÍLABORG



DACIA Dokker Diesel Nýr bíll, 5 gírar, rennihurðir báðum megin. Verð 1.790.000 + vsk Rnr.140090.



KRAMER 8115 Ecospeed 4x4. Árgerð 2017, ekinn 50 VST, dísel, ýmsir fylgihlutir. Verð 10.990.000 + vsk Rnr.111000.



MMC Outlander PHEV Nýskr 02/2016, ekinn 38 Þ.KM, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Verð 3.890.000 Rnr.122167.



FORD Tourneo Custom 2018, Nýr bíll, dísel, 6 gírar, 8 farþegar. Verð 4.024.000 + vsk. Rnr.111090.



HONDA CRV Nýskr. 06/2008, ek. 192 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. Rnr.111086.



HYUNDAI H350 L2 2,5L Diesel Árg 2017, ek 0, Nýr bíll 6 gírar, Verð 2.790.000 + vsk. Rnr.111092.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**




SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



TOYOTA Hilux Gx Double Cab . Árgerð 2016, ekinn 29 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur Verð 5.900.000. Á staðnum



HARLEY DAVIDSON Touring Flhtci Electra Glide. Árgerð 2005, ekinn 24 Þ.KM, Verð 2.190.000. Á staðnum

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**Opið á laugardögum 12-15**
**www.litla.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Ford Mustang.GT. Premium.8cyl. Árg.2005.Ek. 3.800. km. Uplýsingar í 892-0378.

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Vörubílar

**VILTU SKAPA ÞITT EIGIÐ ATVINNUTÆKIFÆRI**
Til sölu MAN L 12-224. árgerð 2004
Ekinn 316 þús. Mikil vinna getur fylgt.
**Áhugasamir hafi samband í s:821-8510**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.** Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Fasteignir




**Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð.**

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Verönd er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
- með þér alla leið -




## Skemmtanir



## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

3 herbergi til leigu miðsvæðis í Reykjavík.Aðgangur að eldhúsi og baði.Hiti,rafmagn og internet innifalið. Verð 95 þús. per herbergi. Uppl. s:775-8368

## Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK**

**EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Óskum eftir að ráða smiði, múrara og vana menn við hellulagnir.

Uppl. sendist á eind@eind.is
EIND EHF

Óska eftir einstaklingi sem er vanur hestum,garðyrkju og tilfallandi verkefnum, 30 km frá Reykjavík. Fæði og húsnæði innifalið. Uppl. s:616-1569

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**






Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16 Sunnud. kl 10-14

## Pro marine 360 cm og 420 cm

Traustir bátar sem eru bæði fyrir sjó og vötn. Koma í töskum og passa í skottið á meðal fjölskyldubílnum.

Nánar um bátana á veidiportid.is



360 cm - 229.000 kr.
420 cm - 289.000 kr.

## Bellybátur frá keeper, taska, sundfit, og pumpa




Frábært verð
24.900 kr.

## Flugustangar sett frá Jaxon og Vision

Margar línustærðir í boði.
Verð frá 19.900 Kr.




## Strandveiðisett

Margar gerðir af strandveiðisettum 13-15 feta



Verð frá 19.900 Kr.

## Þessar voru að koma

Tungsten og brass túpur í úrvali

Verð frá
495 kr.



veidiportid.is

## Gott úrval af vöðlujökkum frá Vision og Keeper

Verð frá 13.900 kr



## Flott úrval af veiðivestum

Verð frá 5.900 kr



## Barnavöðlur

Líklega mest seldu vöðlurnar á Íslandi
St. 21-41 - 7.900 kr - 8.900 kr
Bleikar, grænar eða bláar



## Níðsterkar PVC vöðlur sem virka í hvað sem er.

Besta verðið 10.900 kr



Opið á sunnudögum 10-14 í allt sumar

## Keeper vöðluskór.

Níðsterkir og léttir vöðluskór á frábæru verði.

Verð 11.900 kr



## Vision Loikka.

Líklega endingarbestu vöðluskórnir á markaðnum. Gúmmísóli og tungsten nagglar. Ódrepandi skór.

Verð 28.900 kr



## 6 metra langt fluguborð... ..pakkað af flugum



## Merkisatburðir

**1568** Aðferðin við að koma bjór á flöskur er fullkomnuð.

**1864** Fjórtán manns farast á skipi í lendingu við Pétursey í Mýrdal.

**1938** Kröller-Müller-safnið er opnað í Hollandi.

**1942** Fimm þúsund pólskir og úkraínskir gyðingar eru teknir af lífi af nasistum.

**1959** Eyjólfur Jónsson syndir frá Vestmannaeyjum til lands á fimm og hálfri klukkustund.

**1970** Byrjað er á byggingu neðanjarðarlestarkerfis í Amsterdam.

**1984** Stangarstökkvarinn Sergei Bubka setur nýtt heimsmet og stekkur 5,89 metra.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ástþór Kristberg Óskarsson**

Fannafold 80, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 1. júlí síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigrún Pétursdóttir**
**Agnes K. Ástþórsdóttir** **Benedikt J. Guðlaugsson**
**Óskar Á. Ástþórsson** **Grétar Einarsson**
**Guðrún Ástþórsdóttir** **Ingólfur Kristjánsson**
**afabörn og langafabarn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

**Ottó David Tynes**

flugstjóri,

lést mánudaginn 2. júlí á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 17. júlí kl. 15.00.

**Bryndís Guðmundsdóttir**
**Sverrir Tynes** **Ása Kolka**
**Salome Tynes** **Pálmi Kristinsson**
**Ottó Davíð Tynes**
**Gunnar Örn Tynes**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Aðalsteinsdóttir**

Kópavogsbraut 1a, áður 82, Kópavogi,

lést 7. júlí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.

**Sverrir Guðmundsson**
**Guðlaug Sverrisdóttir**
**Aðalsteinn Sverrisson** **Rannveig Ragnarsdóttir**
**Guðmundur Sverrisson** **Björk Berglind Arnljótsdóttir**
**og ömmubörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigþór Ármann Ingólfsson**

bifvélavirki,
Móasíðu 2b, Akureyri,

lést að heimili sínu 27. júní síðastliðinn. Hann var jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 6. júlí í kyrrþey að eigin ósk. Þökkum ættingjum og vinum hlýhug á þessum erfiða tíma. Sérstakar þakkir færum við lyfjadeild SAK og starfsfólki Heimahlynningar á Akureyri fyrir hlýja og góða umönnun. Þeim sem vilja minnast hans er bent á heimahlynninguna og Hollvinasamtök SAk.

**Guðlaug Jóhannsdóttir**
**börn, tengdabörn**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.



**Lilja hefur starfað sem leikskólastjóri í Klettaborg í næstum aldarfjórðung og laðar greinilega að.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sækja í leikskólann sinn

**Fimm starfsmenn í leikskólanum Klettaborg í Grafarvogi voru þar sem leikskólabörn á sínum tíma og hafa laðast að honum aftur. Lilja Eyþórsdóttir er leikskólastjóri.**

Fimm af þeim sem vinna hér í leikskólanum voru hér í æsku, eða 25 prósent starfsmannahópsins. Mér persónulega finnst skemmtilegt að þeir leiti í gamla leikskólann sinn eftir starfi. Það sýnir að þeim hefur ekki liðið illa hér sem börnum,“ segir Lilja Eyþórsdóttir, leikskólastjóri í Klettaborg í Grafarvogi.

„Ein þessara fimm er leikskólakennari og hún var með fyrstu börnunum sem voru hér þegar leikskólinn var opnaður. Önnur er í leikskólaliðanámi, það fer fram í Borgarholtsskóla og hefur leitt marga í leikskólakennaranám í framhaldinu,“ heldur Lilja áfram.

Þótt leikskólabörnin séu í sumarfríi og flest starfsfólk Klettaborgar er Lilja enn að vinna þessa viku. Hún byrjaði þar árið 1994 og á því 25 ára starfsafmæli sem leikskólastjóri þar á næsta ári. Lilja segir algengt að fyrrverandi leikskólabörn sæki þar um vinnu en í ár sé hlutfallið óvenju hátt. „Hér hafa um það bil 800 börn farið í gegn á þessum tíma, miðað við fjölda í árgöngum. Allt frá því fyrsta barn úr leikskólanum var svona sautján ára höfum við verið með einn og einn starfsmann sem var hér í æsku. Þannig hefur það verið í gegnum árin.“

Lilja segir fyrrverandi leikskólabörn hafa starfað mislengi í Klettaborg. „Sum hafa verið hér í fríi frá námi um stundarsakir og önnur valið að vera hér sumarvinnu. En nokkur þeirra hafa síðan leitað í nám sem tengist þessu starfi. Það finnst mér jákvætt.“ gun@frettabladid.is



**Þær voru allar sem börn í leikskólanum Klettaborg og starfa þar nú. Fremst er Embla Nanna Þórsdóttir, hinar eru: Birna Dís Bergsdóttir, Helena Ýr Jónsdóttir, Katrín Hrund Pétursdóttir og Kristjana Jóhannsdóttir.** MYND/LILJA

> Allt frá því fyrsta barn úr leikskólanum var svona sautján ára höfum við verið með einn og einn starfsmann sem var hér í æsku.



†

Elskulegur bróðir okkar, mágur og vinur,

**Jón Trausti Steingrímsson**

Forsæti 8a, Sauðárkróki,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 10. júlí. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 20. júlí kl. 13.30.

**Sveinbjörn Steingrímsson** **Lína Gunnarsdóttir**
**María Steingrímsdóttir**
**Björn Jónsson** **Arndís Brynjólfsdóttir**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Unnur Þórðardóttir**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 13. júlí klukkan 13.00.

**Steinn Jónsson** **Jónína B. Jónasdóttir**
**Jónína G. Jónsdóttir** **Guðmundur Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# TÚNFISKUR & HUMAR





**OPIÐ LAUGARDAG 10-15 Á SOGAVEGI**



Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 555 2800

# RAFMAGNSPOTTAR

frá Arctic Spas



# LOK Á POTTA



Litir: Grátt Brúnt

Stærðir 200x200 210x210 220x220 235x235 8 hyrnt

# HITAVEITUSKELJAR



Mikið úrval

## HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1

Haffi 777 2000
Grétar 777 2001

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

Hvar@frettabladid.is

### 13. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Daníel Hjálmtýsson og Magnús Jóhann
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Dillon,
Daníel Hjálmtýsson mætir á Dillon ásamt píanóleikaranum Magnúsi Jóhanni kl. 17 og flytur perlur til kl. 19. Létt og þægileg stemming á föstudeginum þrettánda.

**Hvað?** Smá í Tána: K.óla
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bravó

**Hvað?** Salka Sól ásamt hljómsveit á Hendur í höfn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hendur í höfn Bistro-café
Salka Sól og hljómsveit halda tónleika á Hendur í höfn, Þorlákshöfn, 13. júlí og eru tónleikarnir hluti af Sumartónleikaröð á Hendur í höfn. Salka Sól ætlar að koma fram með nokkrum af færustu hljóðfæraleikurum landsins en með henni verða Guðmundur Óskar á bassa, Þorvaldur Þór Þorvaldsson á trommur og Tómas Jónsson á hljómborð. Salka mun syngja lög sem hafa haft áhrif á hana og mótað hana sem einstakling og listamann. Lagavalið er fjölbreytt og skemmtilegt, allt frá Bítlunum og The Beach Boys til Spice Girls og Amy Winehouse. Ásamt því mun hún flytja lög eftir sig sjálfa.

**Hvað?** Kira Kira – Tónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Kvöldvakan í Mengi er rými til þess að heyra tónlist sem Kira Kira hefur verið að semja fyrir sci-fi sjónvarpsþættina Dream Corp Llc sem fara í loftið á Cartoon Network í haust, í bland við tónlist af plötu sem hún og bandaríski tónlistarmaðurinn Eskmo hafa verið að gera saman og kemur út von bráðar. Það verður pláss til að loka augunum og kalla inn og taka á móti hvers konar sólskini, til þess að safna kröftum í skjóli þess helgireits sem Mengi getur verið, fyrir hvað sem við viljum takast á við innra með okkur eða úti fyrir í stóra samhenginu. Kira Kira sendi nýverið frá sér sína fjórðu breiðskífu, Alchemy & Friends. Hún kom út á vínyl hjá kalifornísku útgáfunni Time Released Sound og á geisladisk hjá japönsku útgáfunni, Afterhours og verður fáanleg á kvöldvökunni í Mengi. Húsið opnað klukkan 20.30. Miðaverð er 2.500 krónur.



Auðunn Blöndal verður í sínum heimabæ í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Viðburðir

**Hvað?** Fílalag á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu 22

**Hvað?** Götupartí og tónlistarveisla á Sauðárkróki
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Sauðárkrókur
Setning Landsmótsins 2018 á Sauðárkróki. Frábær skemmtidagskrá og tónlistarveisla. Um klukkan 19 hefst upphitum með lauflétttri dagskrá, m.a. flottri fimleikasýningu. Klukkan 19 stíga heimamennirnir Auddi og Sverrir Bergmann á svið ásamt gestum. Dagskráin er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Pink Iceland's Queer Fridays
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Pink Iceland, Hverfisgötu 39.

**Hvað?** ÞjóðhátíðarBingó – Hreimur spilar um kvöldið
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Ölhúsið Hafnarfirði
Nú er það þjóðhátíðarbingó. Vinningaskráin er allsvakaleg að vanda. Heilu bjórkassarnir og slatti af þeim. Hvítt og rautt. Gjafabréf frá fyrirtækjum í Eyjum og í aðalvinning verða miðar á Þjóðhátíð í Eyjum. Stjórnendur eru partíljónin Ásgeir Páll og Ómar „Bangsi“ Eftir bingó spilar hinn eini sanni Hreimur Örn Heimisson.



**Hægt verður að hlusta á tónlist, sem Kira Kira hefur verið að semja fyrir sci-fi sjónvarpsþættina Dream Corp Llc, í Mengi í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Hvað?** Flughátíðin Allt sem flýgur 2018
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hella
Helluhátíðin er hápunktur flugsumarsins. Þú kemst í einstaka nálægð við flugið, flugvélar koma og fara alla helgina, fjölbreytt flugatriði í lofti, fallhlífarstökk, karamellurigning fyrir börnin, grillveisla, sveitaball í flugskýlinu og fleira. Samfelld flugveisla í þrjá daga, nóg af tjaldstæðum og ókeypis inn.

**Hvað?** Endurnæring undir jökli
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Öxl, Snæfellsnesi
Sumarið er komið og núna um miðsumarið þegar móðirin náttúran er í sínum mesta blóma ætlum við að bjóða upp á andlega og líkamlega næringu undir töfrum Snæfellsjökuls. Þessi viðburður fer fram á Öxl sem er yndislegur staður umvafinn töfrandi náttúru og kröftum Snæfellsjökuls. Fyrirspurnir á yogaraes@gmail.com eða í síma 778 9052. Aðeins pláss fyrir 10 manns.

**Hvað?** Heim í Búðardal
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Búðardalur
Bæjarhátíðin Heim í Búðardal er haldin á tveggja ára fresti, aðra helgina í júlí.



# Snjóboltinn rúllar af stað á Djúpavogi á morgun

**Bræðslunni á Djúpavogi hefur enn verið breytt í sýningarsal fyrir alþjóðlega samtímalist. 28 myndlistarmenn frá Íslandi, Evrópu, Ameríku og Asíu eiga verk á Rúllandi snjóbolta í ár.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Djúpavogsbúinn Þór Vigfússon í óða önn að koma verkum Irina Birger upp á vegg. Hann setur upp verk allra listamannanna og tekur þátt í ár. MYND/GRETA MJÖLL

Það er auðvitað magnað að svona lítill staður skuli vera með eina stærstu alþjóðlegu listsýningu landsins ár eftir ár í gamalli síldarbræðslu. Algerlega töfrandi,“ segir Greta Mjöll Samúelsdóttir, menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps. Það er sýningin Rúllandi snjóbolti/11 sem hún er að tala um. Hún verður opnuð klukkan 15 á morgun í Bræðslunni á Djúpavogi og Guðni Th., forseti Íslands, verður þar heiðursgestur. Samnefnd sýning sem var haldin í fyrra á sama stað var númer níu en sú 10. var í Kína í millitíðinni.

Rúllandi snjóbolti er samstarfsverkefni Kínversk-evrópsku menningarmiðstöðvarinnar CEAC og Djúpavogshrepps og fer nú fram á Djúpavogi í fimmta skipti. Listafólkið sem á verk á sýningunni í ár er 28 talsins og úr ýmsum áttum að sögn Gretu Mjallar. Hún kveðst stundum komast í vandræði þegar hún eigi að tiltaka hverrar þjóðar það sé.

„Það getur verið spurning um landið sem einskaklingurinn fæddist í, býr í eða starfar í. Til dæmis er Yang Ah Ham frá Suður-Kóreu en hún býr og starfar í Hollandi, Tyrklandi og sínu heimalandi. Irina Birger er fædd í Rússlandi, ólst upp að hluta í Ísrael, en býr og starfar í Amsterdam, lýsir hún og nefnir næst listahópinn Hafnia Foundation sem er með kínversk áróðursplakót á sýningunni.


Greta Mjöll Samúelsdóttir, menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps.

„Hafnia Foundation vill stuðla að líflegum samskiptum milli alþjóðlegra listamanna og er að vinna í að búa til stærsta safn slíkra áróðursplakata í heiminum. Þetta eru plaköt sem Kínverjar skreyttu með heimili sín og vinnustaði, en eru nú dregin fram undan rúmum og innan úr skápum. Hér verða tuttugu verk úr stóru safneigninni.“

Íslendingar eiga líka sína flottu fulltrúa á Rúllandi snjóbolta, að sögn Gretu Mjallar, listafólk sem starfar bæði hér og erlendis. „Magnús Pálsson á fræg verk hér sem eru úr safneign Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur. Anna Líndal er með verk sem nefnist „5. júní 2013“,“ nefnir hún sem dæmi. Hún segir marga þeirra sem sýna í Bræðslunni hafa lokið árangursríkri listamannadvöl hjá CEAC í Suður-Kína og þar hafi skapast tengsl. „Sumir verða hér á staðnum, aðrir ekki.“

Hjónin Ineke og Sigurður Guðmundsson sem stofnuðu og reka CEAC eiga stóran þátt í sýningunni eins og fyrr, að sögn Gretu Mjallar. „Ineke stýrir þessu alveg og er með skipulagninguna á hreinu og við sem vinnum hjá Djúpavogsbæ erum auðvitað í góðum samskiptum við hana. Til dæmis þegar þarf að þýða efni yfir á íslensku og sjá um skipulagninguna hér á staðnum. Það gengur ótrúlega vel þó átta klukkustundir skilji tímabeltin að,“ segir hún.

Greta Mjöll segir þau Sigurð og Ineke hafa verið á Djúpavogi undanfarna daga enda eigi þau þar hús. Sigurður hafi skroppið suður að sækja listamenn og sýna þeim Seljalandsfoss og fleiri falleg náttúrufyrirbæri á Suðurlandi í leiðinni. En er Sigurður ekki með verk á sýningunni núna?

„Ekki ný verk. En Eggin hans eru auðvitað hér út við Gleðivík. Svo verður hann náttúrulega hér yfir og allt um kring og Erling Klingenberg ætlar að framkvæma gjörning með honum. Sigurður veit ekki alla söguna sjálfur en það er búið að redda sjógalla á hann og grímu fyrir andlitið. Það verður afar spennandi að sjá útkomuna!“

Sýningin Rúllandi snjóbolti hlaut Menningarverðlaun SSA árið 2015 og tilnefningu til Eyrarrósarinnar árin 2016, 2017 og 2018.


Hjónin Sigurður og Ineke Guðmundsson eru óþreytandi í að miðla menningaráhrifum heimsálfa á milli. MYND/GRETA MJÖLL


Eggin í Gleðivík. Þau næstu heita Lómur og Skógarþröstur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Sýnendur á Rúllandi snjóbolta/11

Anna Líndal, Árni Guðmundsson, Arnoud Noordegraaf, Áslaug Thorlacius, Bill Aitchison, Björn Roth, Erling Klingenberg, Fahrettin Orenli, Gerald Van Der Kaap, Hrafnkell Sigurðsson, Irina Birger, Kan Xuan, Magnús Pálsson, Nie Li, Oey Tjeng Sit, Peer Veneman, Persijn Broersen & Margit Lukacs, Ráðhildur Ingadóttir, Ragnhildur Jóhanns, Ronny Delrue, Svava Björnsdóttir, The Hafnia Foundation, Þór Vigfússon, Wei Na, Yang Ah Ham, Yang Zhi Qian, Zhang Zhen Xue.



FJALLA KOFINN






**Ladakh GTX** 49.995 kr.



**Hekla GTX dömuskór** 49.995 kr.



**Terra GTX** 29.995 kr.




**ZG Pro GTX** 39.995 kr.




**Epic GTX** 29.995 kr. kk og kvk




**Mescalito** 26.995 kr. kk og kvk

Skoðið úrvalið á **fjallakofinn.is**



**Mojito** 19.995 kr.

80th 1938 • 2018 scarpa

Allt frá árinu 1938 hefur Scarpa framleitt, í Asolo héraði Ítalíu, vandaða gönguskó af ástríðu og vandvirkni. Scarpa hefur haldið fast í hefðir stofnendanna en jafnframt sótt fram með nýjungum innblásnum af áræðni og frumkvæði.

Scarpa gönguskór hafa í áratugi prýtt fætur fjölda íslendinga og eru án efa vinsælustu gönguskór á Íslandi.

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




## 2 BRITAIN'S GOT TALENT
KL. 19:30

Hörkuspennandi úrslitaþáttur þar sem kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari. Dómarar í keppninni eru þau Simon Cowell, David Walliams, Amanda Holden og Alesha Dixon.





Frábær föstudagur

Fáðu þér áskrift á stod2.is




## 2 LIVE BY NIGHT
KL. 21:30

Bannárin í Bandaríkjunum sköpuðu grundvöll fyrir arðbært svartamarkaðsbrask með áfengi og varð skjótfundinn hagnaður hjá glæpamönnum eins og Joe Coughlin. Frábær spennumynd með Ben Affleck í aðalhlutverki.

## 2 SISTER MARY EXPLAINS IT ALL
KL. 23:40

Skemmtileg mynd um hina strangtrúuðu systur Maríu sem er sípredikandi yfir lýðnum en svo ákveða gamlir nemendur að koma hinnu þröngsýnu Maríu óþægilega á óvart.



## 2 BÍÓ FAHRENHEIT 451
KL. 22:00

Spennandi framtíðarmynd þar sem yfirvöld vinna markvisst að því að brenna allar bækur til þess að skapa gagnrýnislausan heim.



## 3 BOB´S BURGERS
KL. 21:40

Skemmtileg teiknimyndasería um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. stod2.is

## STÖÐ 2

**07.00** **Blíða og Blær**
**07.25** **Strákarnir**
**07.50** **The Middle**
**08.15** **Mom**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Restaurant Startup**
**11.05** **Great News** Gamanþættir sem fjalla um mæðgurnar Carol og Katie en það reynir á samband þeirra þegar móðirin Carol fær reynslustarf á sama fjölmiðli og dóttirin Katie vinnur á og það reynir aldeilis á þolrifin hjá henni því móðirin er uppátækjasöm og er oftar en ekki hrókur alls fagnaðar. Þættirnir eru úr smiðju Tinu Fey og Roberts Carlock sem gerðu einnig 30 Rock og Unbreakable Kimmy Schmidt.
**11.30** **Veistu hver ég var?**
**12.10** **Feðgar á ferð**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Gifted**
**14.40** **Collateral Beauty** Mögnuð mynd frá 2017 með Will Smith, Kate Winslet og fleiri frábærum leikurum. Howard Inlet er mikilsvirtur fyrirtækjaeigandi í New York sem segja má að missi trúna á lífið þegar ung dóttir hans deyr. Í framhaldinu dregur hann sig inn í skelina en byrjar um leið að skrifa ástinni, tímanum og dauðanum bréf með áleitnum spurningum og póstleggur þau.
**16.15** **Friends**
**16.35** **Á bakvið tjöldin í Monte Carlo**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.50** **Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.00** **Fréttayfirlit og veður**
**19.05** **Modern Family**
**19.30** **Britain's Got Talent** Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Dómarar í keppninni eru þeir sömu og síðast, þau Simon Cowell, grínsnillingurinn David Walliams (Little Britain), leikkonan Amanda Holden og söngkonan Alesha Dixon en kynnar eru skemmtikraftarnir Ant og Dec sem fara á kostum eins og þeim einum er lagið.
**21.30** **Live by Night** Diane Keaton fer hér með hlutverk systur Maríu sem er strangtrúuð og þreytist seint á að predika hin réttu gildi í lífinu. Hún ætlar nú að halda enn einn fyrirlestur um þessi hugðarefni sín og veit að margir sem til hennar leita þurfa sannarlega á leiðbeiningum að halda. Systir María veit þó ekki að í hópi þeirra sem ætla nú að hlýða á orð hennar eru gamlir nemendur sem vilja koma hinnu þröngsýnu Maríu óþægilega á óvart.
**01.10** **The Fate of the Furious**
**23.40** **Sister Mary Explains It All**
**03.25** **Collateral Beauty**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** **N1 - mótið**
**07.35** **Grindavík - KA**
**09.15** **Pepsímörk kvenna**
**10.15** **Selfoss - Njarðvík**
**13.35** **Pepsímörkin**
**15.05** **N1 - mótið**
**15.40** **Grindavík - KA**
**17.20** **Selfoss - Njarðvík**
**20.40** **Sumarmessan**
**21.20** **Pepsímörk kvenna**
**22.20** **UFC Now**
**23.05** **UFC 226: Miocic vs Cormier**

## STÖÐ 3

**19.10** **Last Man Standing**
**19.35** **The New Girl**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **The Simpsons**
**21.15** **American Dad**
**21.40** **Bob's Burgers**
**22.05** **First Dates**
**22.55** **Schitt's Creek**
**23.20** **Mildred Pierce**
**00.50** **Seinfeld**
**01.15** **Friends**
**01.40** **Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00** **Áfram Diego, áfram!**
**08.24** **Svampur Sveinsson**
**08.49** **Lalli**
**08.55** **Pingu**
**09.00** **Strumparnir**
**09.25** **Ævintýraferðin**
**09.37** **Hvellur keppnisbíll**
**09.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00** **Stóri og Litli**
**10.13** **Töfrahetjurnar**
**10.27** **K3**
**10.38** **Mæja býfluga**
**10.50** **Tindur**
**11.00** **Dóra könnuður**
**11.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00** **Áfram Diego, áfram!**
**12.24** **Svampur Sveinsson**
**12.49** **Lalli**
**12.54** **Pingu**
**13.00** **Strumparnir**
**13.25** **Ævintýraferðin**
**13.37** **Hvellur keppnisbíll**
**13.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00** **Stóri og Litli**
**14.13** **Töfrahetjurnar**
**14.27** **K3**
**14.38** **Mæja býfluga**
**14.50** **Tindur**
**15.00** **Dóra könnuður**
**15.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00** **Áfram Diego, áfram!**
**16.24** **Svampur Sveinsson**
**16.49** **Lalli**
**16.54** **Pingu**
**17.00** **Strumparnir**
**17.25** **Ævintýraferðin**
**17.37** **Hvellur keppnisbíll**
**17.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00** **Stóri og Litli**
**18.13** **Töfrahetjurnar**
**18.27** **K3**
**18.38** **Mæja býfluga**
**18.50** **Tindur**
**19.00** **The Seventh Dwarf**

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.40** **Inside the PGA Tour**
**09.05** **John Deer Classic**
**12.05** **Marathon Classic**
**14.05** **PGA Special: This is Mackenzie Tour**
**14.30** **Golfing World**
**15.20** **Countdown to the Ryder Cup**
**15.45** **Golfing World**
**16.35** **John Deer Classic**
**19.35** **Inside the PGA Tour**
**20.00** **John Deer Classic**
**23.00** **PGA Special: This is Mackenzie Tour**
**23.25** **Golfing World**
**00.15** **Marathon Classic**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.10** **Mr. Turner**
**11.40** **Warm Springs**
**13.40** **Rachel Getting Married**
**15.35** **Mr. Turner** Vönduð mynd frá 2014 byggð á sönnum atburðum. Eftir dauða föður síns verður landslagsmálarinn J.M.W. Turner kaldlyndur í garð elskandi húsfreyju sinnar og stofnar til sambands við konu við sjávarsíðuna og býr með henni á laun. Samtíða ferðast Turner, málar, hittir fyrirmenni, heimsækir vændishús, gengur í Konunglegu listakademíuna, festir sig við skipsmastur til að mála og er bæði hylltur og hæddur af almúganum jafnt sem fyrirfólki.
**18.05** **Warm Springs**
**20.05** **Rachel Getting Married**
**22.00** **Fahrenheit 451** Spennandi mynd frá 2018 sem gerist í framtíðinni þar sem yfirvöld vinna markvisst að því að brenna allar bækur. Það er gert til þess að skapa heim sem gagnrýnir ekki og hefur ekki sjálfstæða hugsun. Einn í hópi þeirra sem framfylgja þessari stefnu fer að efast um tilganginn og upp vakna spurningar sem erfitt er að fá svör við.
**23.40** **Wish Upon** Hrollvekja frá 2017 um unglingsstúlkuna Claire sem glímt hefur við afleiðingar þess að hafa komið að móður sinni látinni í æsku. Hún uppgötvar dularfullt box sem virðist geta uppfyllt allar hennar óskir. Þegar hún fer hins vegar að nýta sér það til að hefna sín á þeim sem henni er í nöp við byrjar veröld hennar sjálfrar að hrynja til grunna. Hvaðan kemur þetta box? Hver bjó það til? Hverjir fleiri hafa átt það?
**01.10** **Lights Out**
**02.35** **Fahrenheit 451**

## RÚV

**16.45** **Landsmót hestamanna 2018**
**17.05** **Horft til framtíðar**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Froskur og vinir hans**
**18.08** **Rán og Sævar**
**18.19** **Letibjörn og læmingjarnir**
**18.25** **Íþróttagreinin mín - Tvíenda skíði**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.40** **Fjörskyldan**
**20.20** **Grafhýsi Tútankamons**
**21.10** **Séra Brown**
**22.00** **And Then There Were None - Fyrri hluti**
**23.30** **The Godfather**
**02.20** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**07.50** **Dr. Phil**
**08.35** **The Millers**
**09.00** **Símamótið 2018 - BEINT**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00** **America's Funniest Home Videos**
**19.30** **The Biggest Loser**
**21.00** **The Bachelorette**
**22.30** **Snitch**
**00.25** **Underverden**
**02.20** **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**03.00** **The Exorcist**
**03.45** **Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



10-11
JÚLÍTILBOÐ
MYSMOOTHIE, 250 ML
249
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
996 KR/L
LORENZ SNAKK, 100 G
249
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 499 KR/STK
2.490 KR/KG
SNAPPLE, 473 ML
249
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
526 KR/L
JORDAN GO STARTPACK
399
KR/PK
VERÐ ÁÐUR 999 KR/PK
CAPRI SUN, 330 ML
169
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
512 KR/L
NÓA KROPP STYKKI, 55 G
149
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
2.709 KR/KG
DJÚPUR, 150 G
349
KR/PK
VERÐ ÁÐUR 599 KR/PK
2.327 KR/KG
GÓU RISA HRAUN, 50 G
99
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 249 KR/STK
1.980 KR/KG
ATKINS STANGIR, 60 G
249
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
4.150 KR/KG
ATKINS STANGIR, 30 G
199
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 349 KR/STK
6.633 KR/KG
GATORADE, 500 ML, 2 TEGUNDIR
199
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
398 KR/L
VÍNARBRAUÐ MEÐ VANILLUBRAGÐI
199
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
EGILS APPELSÍN, 500 ML, PLAST
199
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
398 KR/L
BANG, 473 ML
299
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
632 KR/L
AUNT MABEL MUFFINS, 102 G
129
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
1.265 KR/KG
Netgíró
Betri leið til að borga

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Gott að hafa í huga á útsölum



Strigaskór fara á útsölu á þessum árstíma og þá er hægt að nota út sumarið og fram á haustið. Strigaskórnir eru ekki á leiðinni úr tísku í bráð.

## Nokkur góð ráð fyrir útsölukaupin frá Glamour

- Gott er að taka til í fataskápnum áður en þú skellir þér á útsölurnar. Þá færðu yfirsýn yfir það hvað þú átt og þar af leiðandi hvað þig vantar.
- Fjárfestu frekar í einföldum og klassískum flíkum á útsölu sem þú veist að þú kemur til með að nota mikið.
- Leitaðu að dýrari og vandaðri hlutum á útsölu, það er betri fjárfesting þegar til lengri tíma er litið.
- Forðastu skyndikaup á útsölum – hugsaðu málið og nýttu útsölurnar til að kaupa vörur sem þú hefur haft augastað á en ekki tímt að kaupa.

Nú standa útsölur yfir í flestum búðum landsins. Sumarlegur fatnaður er nú á útsölu og hægt að gera mjög góð kaup. Þó er mikilvægt að vanda valið, því enginn vill sitja uppi með fatnað sem einungis er notaðar einu sinni. Hér eru flíkurnar sem eru alltaf í tísku og einnig góð ráð fyrir útsölukaupin.



Rykfrakkinn hefur verið mjög vinsæll í ár og verður það áfram í haust. Það skiptir ekki öllu máli ef hann er ekki til í þinni stærð, því að þetta árið ætti frakkinn að vera aðeins of stór.



Það er auðvelt að finna sumarlegan kjól á góðu verði þessa dagana. Ef þú ert að leita að kjól fyrir sérstakt tilefni, til dæmis brúðkaup, þá er sniðugt að byrja leitina á útsöluslánni.



Leðurjakkinn er flík sem er alltaf í tísku, og verða þeir bara flottari eftir því sem maður notar þá meira. Það er sniðugt að fjárfesta í fínum leðurjakka á útsölu, því oft getur maður verið heppinn.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

# KRÓNAN




**100% hamborgara-búðin þín!**

120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
**Betri hamborgari!**

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




Fylltir hamborgarar, 2x120 g

**599** kr. pk.

Sumarkaldi léttöl

**999** kr. pk.




Grænmetisbuff, vegan, 4 stk.

**699** kr. pk.







12 smáborgarar og brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999** kr. pk.



Úlfur Úlfur í sumarblíðunni í Færeyjum. Kapteinn Per Jakobsen skutlaði drengjunum út á fjörð á trillunni sinni. Spúnarnir voru miklu stærri en nokkur fiskur sem bitið hefur á hjá þeim áður. MYNDIR/FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN ÞÓR

# G! Festival í Færeyjum í blússandi gangi

G! Festival er stærsta tónlistarhátíðin í Færeyjum en hún fer fram um þessar mundir. Útsendari Lífsins er á svæðinu og fylgist vel með því sem fram fer. Úlfur Úlfur spilar fyrir Íslands hönd í ár.

Um þessar mundir fer fram tónlistarhátíðin G! Festival í Færeyjum, sem er nokkurs konar Iceland Airwaves og Þjóðhátíð í Eyjum slegið saman í eina hátíð. Blaðamaður Lífsins er á svæðinu til að skrásetja það sem fram fer á þessari færeysku hátíð.

Hljómsveitin Úlfur Úlfur er fulltrúi Íslands á hátíðinni þetta árið enda vinsæl hjá frændum vorum, sem geta sungið með Brennum allt eins og það væri Stál og hnífur í týpískri tjaldútilegu. Sólin hefur ekki látið sig vanta á hátíðinni, annað en er á sunnanverðu Fróni, og því ekki vitlaust fyrir Sunnlendinga að renna út á Reykjavíkurflugvöll og taka þetta stutta flug suður til Færeyja þar sem hægt er að ná smá lit. Fróðustu menn hér í Færeyjum tala um að þetta sé eitt besta veður sem komið hefur langa lengi og því um að gera að drífa í að panta miða.

„Það er geggjað að vera hérna, ég er ógeðslega peppaður,“ segir Arnar Freyr, sem er annars kátur yfir því að fá loksins smá lit eftir grátt sumarið á Íslandi. „Þetta er auðvitað draumur að rætast – ég sótti persónulega um að spila á G! Festival árið 2011 eða 2012. Ég hef lengi vitað af þessari hátíð og alltaf langað til að koma, en nú erum við hér og það er auðvitað frábært. Ég hef góða tilfinningu fyrir þessu – Færeyingar eru svo góðir gestgjafar, ótrúlega næs og til í að gera allt fyrir mann.“



Það beit ekkert á hjá Helga en hann lét það ekki stoppa sig í að njóta G! Festival. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN ÞÓR

Strákarnir hituðu upp fyrir giggið með því að skella sér á sjóinn og anda að sér sjávarlofti. Úlfur Úlfur sem er frá Sauðárkróki, þar sem seltan liggur í loftinu, þarf auðvitað á því að halda að taka inn anganina af hafinu sem minnir á æskuslóðirnar til þess að koma sér í gírinn. Reyndar beit ekkert á þennan daginn en það kom ekkert að sök. Náttúrufegurðarinnar í Færeyjum sem er ótrúleg, hrikalegra fjallanna sem liggja snarbrött beint ofan í sjó og fallegra fjarðanna er best að njóta frá þilfari skips úti á spegilsléttum sjónum.

„Okkar besti maður, kapteinn Per Jakobsen, skutlaði okkur út á fjörð á trillunni sinni. Spúnarnir voru miklu stærri en nokkur fiskur sem bitið hefur á hjá mér áður í lífinu. Leiðinlegt að við höfum ekki veitt nokkurn skapaðan hlut annað en einhvern þara – en við skemmtum okkur konunglega í góða veðrinu með honum Per – okkar besta manni. Þetta dregur ekkert úr okkur eða hitt þó heldur, við verðum ótrúlega hressir á sviðinu í kvöld.“

stefanthor@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is




evapolar




Þín eigin skrifborðskæling!
Kæli-, raka- og lofthreinsitæki, allt í einu tæki.
Kynningarverð aðeins kr. 37.227 m.vsk.
Kælitækni

Njóttu þess að fara í sund / sjósund
Verndaðu eyrun með **Ear Band-It Ultra** eyrnaböndum og eyrnatöppum

**Hannað af háls- nef- og eyrnalæknum**




Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.

**Til í þremur stærðum.**
S - frá 1. til 3. ára
M - frá 4. til 9 ára
L - frá 10 ára og eldri (fullorðnir)

Pakkinn inniheldur bæði eyrnatappa og eyrnaband.

Fæst í apótekum, Sundlaug Kópavogs, Útilíf, Heimkaup og barnavöruverslunum.

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI

Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.

FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi

Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141



FORSALA HAFIN
CHRISTINE BARANSKI
PIERCE BROSNAN
DOMINIC COOPER
COLIN FIRTH
ANDY GARCIA
LILY JAMES
AMANDA SEYFRIED
STELLAN SKARSGÅRD
JULIE WALTERS
WITH CHER
AND MERYL STREEP
MAMMA MIA!
HERE WE GO AGAIN
HAGKAUP
FRUMSÝND 18. JÚLÍ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
KRINGLAN SAMBÍÓIN
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
BORGARBÍÓ

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Maríu Bjarnadóttur



# Fjallgöngur yfirsetukvenna

Margar sýslur eru svo strjálbygðar og erfiðar yfirsóknar, að hverri konu er ofætlun að hafa þar sýslumannsembætti á hendi.“ Jón Ólafsson þingmaður lýsti þessum áhyggjum á Alþingi árið 1911 þegar til umræðu var frumvarp um aðgang kvenna að námi, námsstyrkjum og opinberum embættum. Einhverjir tóku undir og aðrir voru ósammála.

Framsögumaðurinn Hannes Hafstein sagði konur vel geta klifið fjöll og firnindi til þess að bjarga mannslífum sem læknar, eins og þær hefðu gert sem yfirsetukonur þangað til. Það hefðu þær gert „svo vel, að karlmenn munu tæpast gera betur, og ef kona er svo hraust að burðum, að hún getur rækt svo erfitt starf, því mundi hún þá ekki geta þjónað öðrum embættum?“

Jón hafði einnig áhyggjur af afleiðingum frumvarpsins á réttaröryggi í landinu með kvenkyns lögreglustjóra. Til dæmis gætu þær ekki rannsakað morðmál vegna sængurlegu. „Að liggja á sæng er ekki nándar nærri eins hættulegt, eins og margir sjúkdómar, sem karlmenn fá engu síður en konur,“ svaraði Hannes. Á þessum tíma var sennilega ekki búið að taka saman alþjóðlega tölfræði um helstu dánarorsakir kvenna, en fyrir konur á barnsburðaraldri er barnsburður næstalgengasta orsökin.

Reyndar er aðeins 1% þessara andláta í ríkjum eins og Íslandi þar sem ljósmæður eru menntaðar og fæðingarþjónusta aðgengileg og hluti af heilbrigðiskerfinu. Ljósmæður bjarga lífum. Þær hafa gert það frá örófi alda, en við mismunandi aðbúnað. Nú er ríkið meira að segja farið að borga þeim fyrir. Það held ég að hvorki Hannes né Jón hafi séð fyrir á sínum tíma.







